



BERA

Sjálfbærniskýrsla
2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Inngangsorð forstjóra.....	4
Yfirlit yfir árangur síðasta árs.....	5
Um skýrsluna.....	6
Aðferðafræði og staðlar.....	6
Starfsemi Beru.....	7
Framtíðarsýn og markmið.....	8
Stjórnun og eftirfylgni sjálfbærni.....	9
Viðskiptamódel Beru.....	10
Sjálfbærnivægferð.....	11
Sjálfbærnimarkmið 2025.....	12
Sjálfbærni- og umbreytingarstefna Beru.....	13
Sjálfbærnimarkmið Beru 2026.....	14
Umbætur.....	15
Tvíátta mikilvægisgreining.....	16
Mikilvægisþættir samstæðu.....	17
Umhverfisþættir	20
Loftslagsbreytingar.....	21
Loftslagstengd áhætta og tækifæri.....	21
Samstarfsaðilar.....	22
Science Based Target (SBTi).....	23
Nettó losun núll 2040.....	24
Kolefnisspor reksturs 83% minna.....	24
Losunarkræfni tekna.....	24
Kolefnisspor Beru.....	25
Niðurbrot á kolefnisspori eftir árum.....	26
Kolefnisspor Beru 2025.....	27
Orka og orkunotkun í starfsemi.....	28
Betri orkunýting.....	28
Rafvæðing bílaflotans.....	29
Fjárfesting í innviðum og hleðslustöðvum.....	29
Rafvæðing í framleiðslu.....	29

Breytingar á dreifikerfi Danól.....	29
Umbúðir og hráefni.....	30
Umbúðir í drykkjarframleiðslu.....	31
Líffræðilegur fjölbreytileiki.....	32
Starfsemi í nálægð við vernduð svæði.....	32
Skógrækt og kolefnisbinding.....	32
Vatnsnotkun.....	33
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi.....	34
Flokkunarhlutfall.....	34
Endurvinnanlegt efni í umbúðum.....	35
Endurvinnsla umbúða.....	35
Kaffihylki.is.....	36
Dregið úr matarsóun í vefverslun.....	36

Félagsþættir	37
Mannréttindi.....	38
Vellíðan og færniþróun starfsfólks.....	39
Starfsþróun og menntunarstig.....	39
Fjölbreytileiki.....	40
Stefna um fjölbreytileika.....	40
Kynjahlutföll.....	41
Jafnvægisvogin.....	42
Jafnrétti og fjölbreytileiki.....	42
Fræðsla og þjálfun.....	43
Fjölbreytileiki í gegnum matarmenningu.....	43
Jafnréttisfræðsla frá Kveikju.....	43
Íslenskukennsla fyrir öll.....	43
Heilsa og öryggi starfsfólks.....	44
Núll-slysastefna.....	44
Hvatningarverðlaun fyrir eftirtektarverðan árangur í öryggismálum.....	44
Heilsa og öryggi starfsfólks.....	45
Heilsueflandi vinnustaður.....	45

Starfaskipti.....	45
Mannréttindi í virðiskeðju.....	46
Birgjamat.....	46
Heilsa og öryggi neytenda.....	47
Íslensk hráefni.....	47
Ábyrgir markaðshættir.....	48
Samfélag og neytendur.....	49
Hollari valkostir.....	49
Sætuefni.....	49
Samstarfsverkefni.....	50

Stjórnarhættir	51
Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamening.....	52
Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum.....	53
Sjálfbærnistjórnun.....	53

VSME uppgjör	54
VSME tilvísunartafla.....	55
Skýrsla forstjóra.....	61
Skýrsla og áritun Klappir grænar lausnir hf.....	61
VSME uppgjör	62
Almennar upplýsingar	62
Umhverfi	63
Félagslegir þættir	78
Stjórnarhættir	82

Skipulags- og rekstrarmörk Skilgreiningar	84
Skipulags- og rekstrarmörk.....	85
Skilgreiningar.....	86

1. Inngangur

BERA Sjálfbæriskýrsla 2025



Inngangsorð forstjóra

Rekstrarárið 2025–2026 var gott hjá Beru þar sem við náðum góðum árangri samhliða því að styrkja enn frekar sjálfbærni sem grunnstoð í starfseminni. Tekjur félagsins námu um 49 milljörðum króna og jukust milli ára, á sama tíma og við höldum áfram að minnka sóun og skapa verðmæti til lengri tíma.

Sjálfbærni er órjúfanlegur hluti af þeirri vegferð. Með nýrri sjálfbærni- og umbreytingarstefnu höfum við sett fram skýra sýn um að draga úr umhverfisáhrifum, efla starfsfólk og tryggja ábyrga stjórnarhætti. Áhersla okkar er á mælanleg markmið og gagnadrifna ákvarðanatöku þar sem árangur er metinn með skýrum mælikvörðum og reglulegri upplýsingagjöf.

Á árinu náðist áframhaldandi árangur í loftslagsmálum. Losun frá eigin rekstri dróst saman um 13% milli ára og losunarkræfni lækkaði um 8%. Þessi árangur endurspeglar markvissa vinnu við að auka hlutfallslega notkun endurnýjanlegrar orku og bæta orkunýtingu.

Áhersla á hringrásarhagkerfi hefur jafnframt aukist og hefur áhersla verið lögð á að draga úr úrgangi, efla endurvinnslu og bæta nýtingu hráefna í virðiskeðjunni. Flokkunarhlutfall úrgangs var 92% á árinu og markmið hefur verið sett um 99% flokkunarhlutfall til ársins 2030.

Umbótamenning er lykilþáttur í árangri Beru. Starfsfólk gegnir lykilhlutverki í að finna leiðir til að draga úr sóun, bæta ferla og þróa

nýjar lausnir. Þessi menning tryggir að sjálfbærni sé ekki aðeins stefna á blaði heldur hluti af daglegum rekstri sem veiti raunverulegt samkeppnisforskot.

Við höfum einnig styrkt félagslega þætti starfseminnar með áherslu á öryggi, vellíðan og þróun starfsfólks, ásamt því að auka kröfur um ábyrgð í virðiskeðjunni.

Fram undan er áframhaldandi umbreyting og við munum halda áfram að setja metnaðarfull markmið, fylgja þeim eftir og grípa til aðgerða þar sem þörf er á. Með því tryggjum við að sjálfbærni styðji við vöxt, rekstrarárangur og langtímaverðmætasköpun.

Við erum stolt af þeim árangri sem náðst hefur en horfum jafnframt fram á veginn með skýra sýn: að byggja upp sjálfbært, ábyrgt og samkeppnishæft fyrirtæki sem er fyrsta val okkar hagaðila.



Jón Þorsteinn Oddleifsson
forstjóri Beru



Yfirlit yfir árangur síðasta árs



REKSTUR

49
ma. kr. tekjur

+7%
vöxtur

5
ma. kr. EBITDA



HRINGRÁS

92%
flokkunarhlutfall, Aukning um 187% frá 2020

Heildarúrgangur niður um
17%
milli ára



LOFTSLAG

-13%
losun eigin reksturs
(umfang 1 og 2)

-8%
losunarkræfni tekna

-20%
losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja



ÁÞREIFANLEG VERKEFNI

Kaffhylkja-endurvinnsla
14.736 kg
(+38,9%)

63,2%
rafbílar af heild



UMBÆTUR/MENNING

510
umbótaverkefni
(+34,6%)

40
starfaskipti 2025

87,2%
starfsánægja



UMBÚÐIR

73
tonnum minna af plasti í drykkjavöruumbúðum

47%
endurunnið efni í drykkjavöruumbúðum
(plast, ál og gler)



Um skýrsluna

Sjálfbærnisráðgjafi Beru fyrir árið 2025 gefur yfirlit yfir helstu áherslur, markmið og árangur félagsins í umhverfis- og félagsþáttum auk stjórnarháttanna (UFS). Skýrslan endurspeglar áframhaldandi vegferð Beru í átt að aukinni sjálfbærni, þar sem áhersla er lögð á gagnadrifna ákvarðanatöku, gagnsæi og stöðugar umbætur.

Upplýsingar í skýrslunni ná til rekstrarársins 2025 og taka til allrar starfsemi samstæðunnar. Umhverfisupplýsingar byggja á gögnum úr eigin rekstri og virðiskeðju eftir því sem við á, á meðan félagslegir og stjórnarlegir þættir byggja á innri mælikvörðum og stjórnarháttum félagsins.

Á árinu var unnið að innleiðingu sjálfbærni- og umbreytingarstefnu Beru. Í henni eru sett skýr markmið um að draga úr losun, bæta nýtingu auðlinda og efla velferð starfsfólks. Jafnframt hefur verið lögð áhersla á að þróa mælikvarða og upplýsingagjöf í takt við auknar kröfur og væntingar hagsmunaaðila.

Aðferðafræði og staðlar

Sjálfbærniuppgjör Beru er unnið í samræmi við VSME-leiðbeiningar (Voluntary Sustainability Reporting Standard for SMEs) Evrópusambandsins og endurspeglar áframhaldandi þróun félagsins í átt að samræmi við evrópska sjálfbærni- og gagnsæi- og stöðugar umbætur. VSME-staðallinn er hannaður til að styðja við samræmda og gagnsæja sjálfbærniupplýsingagjöf smærri og meðalstórra fyrirtækja og byggir á meginreglum ESRS-staðlanna (European Sustainability Reporting Standards) samkvæmt CSRD-tilskipuninni (Corporate Sustainability Reporting Directive). Útreikningur loftslagsáhrifa er gerður í samræmi við Greenhouse Gas Protocol.

Efnisval byggir á tvíátta mikilvægisgreiningu (e. double materiality assessment) þar sem metin eru bæði áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag, sem og fjárhagsleg áhrif sjálfbærniþátta á rekstur félagsins.

Við framsetningu og miðlun upplýsinga er jafnframt stuðst við UFS-leiðbeiningar Nasdaq frá árinu 2019, GRI-staðla (Global Reporting Initiative, GRI 100-400), meginviðmið alþjóðlegrar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (e. The Ten Principles of the UN Global Compact)

og alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations Global Compact), þar sem það á við. Félagið er að þróa sjálfbærniupplýsingagjöfina og vinnur markvisst að því að styrkja gagnasöfnun, mælikvarða og framsetningu upplýsinga með það að markmiði að ná fullu samræmi við ESRS til framtíðar.

Félagið hefur á undanförunum misserum metið ávinning af óháðri staðfestingu á sjálfbærniuppgjöri félagsins. Í ljósi breyttra forsendna hefur verið tekin ákvörðun um að fresta slíkri staðfestingu á þessu stigi. Upphafleg áform um staðfestingu byggðu á væntanlegri innleiðingu evrópskra staðla um sjálfbærni- og gagnsæi- og stöðugar umbætur ESRS. Með nýjustu uppfærslum á regluverki (m.a. Omnibus) hefur tímalína innleiðingar orðið óljósari en um leið skýrara að félagið er ekki lagalega skuldbundið til staðfestingar að svo stöddu.


Yfirlit yfir flokkunarhæfa starfsemi samstæðu Beru samkvæmt Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins (EU Taxonomy). [Frekari upplýsingar um flokkunarreglugerðina má finna í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2025 hér.](#)

Starfsemi Beru

Bera er móðurfélag öflugrar samstæðu fyrirtækja á sviði drykkjarvöru- og matvælaframleiðslu, innflutnings og dreifingar. Félagið er skráð í kauphöll og fer með eignarhald á leiðandi rekstrarfélögum sem gegna mikilvægu hlutverki á íslenskum markaði. Sjálfbærni tengist rekstrinum á margvíslegan hátt enda er starfsemin afar fjölbreytt.

Ölgerðin er leiðandi fyrirtæki á drykkjarvörumarkaði á Íslandi. Danól sérhæfir sig í innflutningi og markaðssetningu vörumerkja. Gæðabakstur framleiðir og dreifir ferskum og gæðamiðuðum bakarísvörum. Kjarnavörur framleiðir og dreifir fjölbreyttum mat- og neyslsvörum. Félagið sinnir einnig viðskiptum með verðbréf og sér um eignarhald og rekstur fasteigna ásamt lánastarfsemi.


Hlutverk Beru er að styðja við verðmætasköpun og sjálfbæran vöxt innan samstæðunnar. Félagið mótar heildarstefnu, tryggir skilvirka stoðþjónustu og skapar tækifæri til frekari þróunar og nýsköpunar.



Framtíðarsýn og markmið

Mikilvægi starfseminnar og áherslur endurspeglast í stefnupíramída félagsins. Framtíðarsýn Beru er að vera fyrsta val viðskiptavina og neytenda. Til þess að sú sýn verði að veruleika þurfa að eiga sér stað stöðugar umbætur til að mæta þörfum stækkandi hóps viðskiptavina.

Sífelld er leitað nýrra leiða til að efla starfsemina og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina hraðar og betur en aðrir. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólki og eigendum.



Stjórnun og eftirfylgni sjálfbærni

Bera hefur sett sér stefnu í sjálfbærni og bæði stjórn og stjórnendur leggja áherslu á að starfsemi félagsins fylgi henni eftir með markvissri vinnu að umbótum. Sjálfbærnivinnan styður við framtíðarstefnu félagsins um að verða fyrsta val allra hagaðila. Til að ná framtíðarsýn sinni hefur félagið skilgreint sjálfbærni- og umbreytingarstefnu út frá þeim mikilvægisþáttum sem félagið og hagaðilar hafa greint og dregið fram.

Bera hefur skilgreint markmið og aðgerðir til þess að tryggja að sjálfbærni- og umbreytingarstefnu félagsins sé framfylgt. Stjórn félagsins samþykkir stefnuna en ábyrgðaraðili hennar er forstjóri Beru. Sjálfbærnihópur Beru tryggir að stefnunni sé fylgt eftir, aðgerðaáætlun sé innleidd og regluleg endurskoðun fari fram. Deildarstjóri sjálfbærni, umbóta og fasteigna hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar. Reglulega er fylgst með mælingum er tengjast sjálfbærni og árlega er gefin út sjálfbærnisráðgjafir, sem er aðgengileg öllum hagaðilum, þar sem gerð er grein fyrir framvindu.

Ófjárhagslegar upplýsingar eru hluti af ársreikningi félagsins, til umfjöllunar hjá endurskoðunarnefnd Beru og samþykktar af stjórn.

Stjórn Beru hf.

Stjórn félagsins samþykkir sjálfbærni- og umbreytingarstefnu og ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd hennar. Stjórn fær reglulega gögn um framvindu sjálfbærnimarkmiða.

Forstjóri Beru hf.

Forstjóri er ábyrgðaraðili sjálfbærni- og umbreytingarstefnu og tryggir að hún sé hluti af daglegum rekstri. Forstjóri situr í sjálfbærni ráði og tryggir samræmingu milli sjálfbærnistarfs og rekstrarstefnu.

Sjálfbærnimál Beru

Sjálfbærnistjóri hefur umsjón með framkvæmd stefnunnar og mælingum. Sjálfbærni ráð samræmir sjálfbærni verkefni þvert á deildir og fyrirtæki ásamt því að fylgjast með framvindu markmiða.

Gæðadeild

Umbætur, gæða- og öryggismál í framleiðslu og þjónustu.

Sjálfbærni og umbætur

Umhverfismál, kolefnisspor og umbóta-verkefni.

Mannauður

Mannauðsmál, fjölbreytni og velferð starfsfólks.

Iceland Spring

Sala, markaðssetning og útflutningur.

Collab Inc

Sala, markaðssetning og útflutningur.

Ölgerðin

Sala, markaðssetning og framleiðsla.

Danól

Sala og markaðssetning.

Gæðabakstur

Sala, markaðssetning og framleiðsla.

Kjarnavörur


Sala-, markaðssetning og framleiðsla.

Bera

Vörhús, rekstur og dreifing.

Viðskiptamódel Beru

Markmið Beru er að byggja upp samkeppnishæfan rekstur þar sem sjálfbærni og umbætur fara



Hráefni og aðföng

Við vinnum náð með birgjum til að tryggja áreiðanlegt framboð af hráefnum og umbúðum. Áhersla er lögð á ábyrg innkaup, rekjanleika og langtímasamstarf sem styður við sjálfbæra virðiskeðju.

saman. Við vinnum markvisst að því að skapa verðmæti í gegnum alla virðiskeðjuna - frá hráefn-



Framleiðsla og rekstur

Framleiðsla og nýsköpun er kjarninn í starfsemi Beru. Með stöðugum umbótum, gagnadrifinni ákvarðanatöku og skilvirkri nýtingu auðlinda drögum við úr sóun, lækkum kolefnisspor og bætum rekstrarárangur.

um til neytenda - með áherslu á gæði, skilvirkni og ábyrga nýtingu auðlinda.



Vöruhús og dreifing

Öflug dreifikerfi tryggja að vörur berist viðskiptavinum á réttum tíma og á réttum stað. Við þróum dreifileiðir með hliðsjón af hagkvæmni og umhverfisáhrifum, meðal annars með rafvæðingu og betri nýtingu flutnings.



Sala og markaðssetning

Við bjóðum upp á fjölbreytt vöruúrval sem mætir ólíkum þörfum neytenda. Sterk vörumerki, gæðastaðlar og náð samstarf við viðskiptavinum styðja við vöxt og samkeppnishæfni á markaði.

WV

1 2 3 4

Við byggjum á stöðugum umbótum í allri virðiskeðjunni

Við nýtum stöðugar umbætur til að auka skilvirkni í allri starfsemi, draga úr sóun og bæta nýtingu auðlinda.

2 3

Við byggjum á sterkum rekstri

Við leggjum áherslu á skilvirka framleiðslu og rekstur þar sem stærðarhagkvæmni og gagnadrifin ákvarðanatöku styðja við árangur.

1 4

Við vinnum í nánu samstarfi

Við byggjum á langtímasamstarfi við birgja og viðskiptavinum sem styrkir virðiskeðjuna og skapar sameiginlegt virði.

3

Við þróum dreifikerfið

Við fínstillum dreifileiðir til að mæta þörfum viðskiptavina og draga úr umhverfisáhrifum, meðal annars með rafvæðingu flutninga.

2 4

Við bjóðum fjölbreytt vöruframboð


Sterk vörumerki og fjölbreytt vöruúrval styðja við vöxt og mæta ólíkum þörfum neytenda.

1 2 3 4


Sjálfbærni skapar virði

Sjálfbærni er samþætt í rekstri Beru og styður við langtíma verðmætasköpun með skýrum markmiðum og mælikvörðum.

Sjálfbærnivegferð



Sjálfbærnimarkmið 2025



	Markmið	Árangur
Starfsánægja	Yfir 85%	87,2%
Núll slystefna	0 slys	13
Losunarkræfni tekna	Losunarkræfni tekna fyrir umfang 1 og 2 dragist saman um 2% á milli ára	-16%
Umbætur	500 loknar umbætur	510 loknar umbætur
Orkusamsetning	95% endurnýjanlegir orkugjafar	94,9%
ISO14001	Innleiða ISO14001	Innleiðing hafin, stage 2 úttekt verður 2026
Rafvæðing bílaflota	Bílafloti 68% rafmagnsbílar	63,2% (73,6% með tengiltvinnbílum)
UFS-mat Reitunnar	Viðhalda A-einkunn hjá Reitun	86 stig/A3 einkunn
Meira endurunnið efni í umbúðum framleiðsluvara	100% rPET	50-100% rPET í framleiðsluvörum Ölgerðarinnar
Kolefnisspor í vefverslun	Birta kolefnisspor umbúða í vefverslun	Birt
Birgjamat	Innleiða ítarlegt birgjamatsferli fyrir Danól	Innleitt
Hringrásarhagkerfisverkefni	Til dæmis hrat úr framleiðslu, endurvinnsla kaffihylkja og verkefni tengd minni matarsóun	Kaffihylki 14.736 kg.
		Danól vefsíða 115 tonn
		Ölgerðarhrat 815 tonn
Hollari valkostir	Auka úrval hollari valkosta í drykkjavöru	Floridana góðgerlar, Kristall +
Sjálfbærniþræðsla	Sjálfbærniþræðsla fyrir allt starfsfólk í Ölgerðarskólanum	Gæða- og sjálfbærnivika var haldin í nóvember ásamt námskeið um sjálfbærnisráðgjöf í Ölgerðarskólanum
Betri loftgæði með nýrri loftræsingum í framleiðslusölum	Uppsetning á nýjum loftræsibúnaði í framleiðslusölum	Lokið
Sjálfbærniupplýsingagjöf	Sjálfbærniþræðingsskil birt í samræmi við evrópska staðla	VSME innleiðing
Tilkynningargátt fyrir ytri aðila	Tilkynningargátt opin ytri aðilum til að tilkynna misferli eða brot	Tilkynningargátt er opin ytri aðilum
Skógrækt - vottaðar kolefniseiningar	Skipulag og undirbúningur gróðursetningar í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur	Undirbúningur hafinn fyrir gróðursetningu sem mun hefjast vor 2026

Sjálfbærni- og umbreytingarstefna Beru

Sjálfbærni- og umbreytingarstefna Beru var uppfærð á árinu 2026 og markar stefnu samstæðunnar í umhverfis-, félags- og stjórnarháttum. Stefnan tekur bæði til sjálfbærni í rekstri og umbreytingaráætlunar (e. transition plan) í samræmi við kröfur CSRD og viðeigandi ESRS staðla, þar á meðal VSME viðmið.

Við uppfærslu stefnunnar var lögð áhersla á að styrkja tengingu sjálfbærni við daglegan rekstur og nýta aðferðir stöðugra umbóta til að draga úr sóun, bæta nýtingu auðlinda og minnka kolefnisspor. Ákvarðanatoka er studd með gögnum og mælikvörðum sem stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun til lengri tíma.

Stefnan byggir á tvíátta mikilvægisgreiningu þar sem skilgreind hafa verið þau málefni sem hafa mest áhrif á rekstur samstæðunnar, umhverfi og hagaðila. Áherslur stefnunnar ná yfir umhverfis- og loftslags-

lagsþætti, félagsþætti og stjórnarhætti, þar sem m.a. er horft til loftslagsbreytinga, auðlindanotkunar, öryggis og vellíðunar starfsfólks, sem og ábyrgra viðskiptahátta í virðiskeðju.

Samhliða stefnunni hefur verið sett fram umbreytingaráætlun með skýrum markmiðum, mælikvörðum og stuðningsaðgerðum. Þar er m.a. lögð áhersla á að draga úr losun, auka orkunýtni, efla hringrásarhagkerfi og styrkja ábyrga virðiskeðju. Markmið eru mæld reglulega og árangur nýttur til að knýja áfram umbætur í starfsemi samstæðunnar.

Áhersla er lögð á að umbótamenning sé hluti af daglegu starfi þar sem starfsfólk taki virkan þátt í að þróa reksturinn til betri vegar. Þannig verði sjálfbærni ekki einungis stefna heldur órjúfanlegur hluti af rekstri og samkeppnisforskoti Beru til lengri tíma.



Sjálfbærnimarkmið Beru 2026

Umhverfi

- Ná utan um kolefnisspor allra dótturfélaga samstæðunnar
E1
- Endursetja vísindalega samþykkt markmið og fá staðfest fyrir alla samstæðuna
E1
- Draga úr losun frá eigin starfsemi og í virðiskeðju
E1
- 85% bílaflotans EV+PHEV í lok árs
E1
- 750 umbætur
O1
- Skógrækt hefst og vottaðar einingar í bið
E1 E4
- Verkefni tengt hringrásarhagkerfi: Deigafgangur, söfnun kolsýru, endurvinnsla kaffilhylkja
E6
- Minni matarsóun – bjarga matvælum sem eru komin á síðasta séns
E6
- Umbúðastefna fyrir öll félög
E6

Starfsfólk

- Aðkoma fyrir hreyfihamlaða að húsnæðum skoðuð og endurbætt
S1
- Fræðslumál tekin á næsta level
S1
- Birgjamat innleitt í allri samstæðu
S2
- Jafna kynjahlutföll í efsta stjórnendalagi (jafnvægisvogin)
S1
- Starfsánægja í samstæðu yfir 85%
S1
- Núll slys
S1
- Vörupróun með hollari valkostum
S4

Stjórnarhættir

- Gagnagæði og hraði sjálfbærnigagna bætt
ESRS 2
- Sjálfbærni og umbreytingarstefna BERA hf.
ESRS 2
- Birta meira af kolefnisspori vara í vefverslun
S4
- Áframhaldandi innleiðing í átt að ESRS stöðlum
ESRS 2
- ISO 14001
ESRS 2

Umbætur

Það má með sanni segja að umbótahugsun sé rótgróin í menningu Beru en allt starfsfólk fyrirtækisins vinnur stöðugt að umbótum og eru þær grunnurinn að því sem við gerum. Bera reynir sífellt að finna leiðir til að gera hlutina betur í dag en í gær en hvert umbótaverkefni minnkar soun í fyrirtækinu og er því beintengt við sjálfbærni.

Allt starfsfólk fyrirtækisins hefur tækifæri til að leggja fram hugmyndir að umbótum og er tekið vel á móti öllum hugmyndum. Óþið mælaborð er á innri vef fyrirtækisins og þar eru allar umbætur sem við höfum lokið við gerðar sýnilegar. Innan fyrirtækisins eru nokkrir umbótahópar sem taka á móti hugmyndunum að umbótum eftir sviðum og vinna úr þeim. Mánaðarlega eru umbætur, sem lokið hefur verið við, gerðar upp og þær umbætur sem þóttu athyglisverðastar í hverjum mánuði fyrir sig eru kynntar á opnum umbótafundi fyrir starfsfólk. Starfsfólk getur svo kosið þá umbót sem því finnst standa upp úr og eru verðlaun veitt fyrir

umbót mánaðarins.

Bera hf. Sjálfbærnisrásla 2025

1. Inngangur


2. Umhverfisþættir

3. Félagspættir

4. Stjórnarþættir

5. VSME uppgjör

Fjöldi lokinna umbótaverkefna milli ára



Árið 2025 setti fyrirtækið sér markmið um að ljúka 500 umbótum en fór fram úr því markmiði með 510 loknum umbótum. Hægt er að fylgjast með flokkun umbóta og getum við því sérstaklega fylgst með umbótum sem tengjast ákveðnum áherslum, líkt og sjálfbærni eða fjölbreytileika. Þetta gefur mikilvæga yfirsýn yfir þær umbótatillögur sem koma frá starfsfólki og hjálpar til við að koma auga á hvar gæti vantað hvatningu til umbótaverkefna. Fyrir árið 2026 hefur fyrirtækið sett sér metnaðarfullt markmið um að ljúka 750 umbótum á árinu og stefnir að því að það verði stærsta umbótaárið til þessa.

Við skráningu umbóta í umbótakerfið er ávinningur þeirra metinn með því að greina sparnað í kostnaði hvað varðar vinnustundir, minnkun kolefnisspors ef umbót dregur úr mengun, ásamt mati á áhættu og kostnaði forðaðra afleiðinga í tengslum við öryggisumbætur, sem og raunverulegan fjárhagslegan sparnað þegar við á.



Tvíátta mikilvægisgreining

Tvíátta mikilvægisgreining er grundvöllur sjálfbærniupplýsingagjafar samstæðu Beru og er í samræmi við evrópska staðla um sjálfbærni-reikningskil og ESRS- og VSME-leiðbeiningar Evrópusambandsins. Hún styður við samræmda og gagnsæja upplýsingagjöf um umhverfis-, félags- og stjórnarpætti.


Greiningin metur áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag, sem og fjárhagsleg áhrif sjálfbærniþátta á rekstur félagsins. Greiningin nær til áhrifa, áhættu og tækifæra í rekstri, framleiðslu og virðiskeðju samstæðunnar.

Áhrif voru metin út frá umfangi, alvarleika og óafturkræfni og fjárhagslegir þættir voru metnir út frá líkum og mögulegum áhrifum á rekstur. Niðurstöður greiningarinnar mynda grunn að forgangsroðun í sjálfbærni- og umbreytingarstefnu félagsins og þeim markmiðum og aðgerðum sem þar eru skilgreind.

Hagaðilar Beru eru skilgreindir út frá framtíðarsýn félagsins um að vera fyrsta val. Félagið ætlar að vera fyrsta val viðskiptavina, neytenda, starfsfólks, birgja, fjárfesta og samfélagsins. Við framkvæmd greiningarinnar var haft samráð við helstu hagaðila, þar á meðal starfsfólk, viðskiptavini, birgja og aðra lykilaðila í virðiskeðju.

Félagið mun halda áfram að vinna með niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar til að samþætta þær við stefnu félagsins, daglega starfsemi og ákvörðunartöku. Slík greining tryggir einnig að félagið fái heildstæða og gagnsæja innsýn í þau áhrif, áhættu og tækifæri sem tengjast umhverfis-, félags- og stjórnarháttum sem skipta máli fyrir félagið til framtíðar.

Nánari upplýsingar um niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar má sjá hér á eftir. Töflurnar eru settar upp í samræmi við núverandi staðla Evrópusambandsins (ESRS).



Umhverfisþættir

- 1 Loftslagsbreytingar
- 2 Umbúðir og hráefni
- 3 Orka
- 4 Vatnsmengun og skaðleg efni
- 5 Vatnsnotkun og fráveita
- 6 Líffræðilegur fjölbreytileiki
- 7 Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Félagsþættir

- 8 Velliðan og færniþróun starfsfólks
- 9 Heilsa og öryggi
- 10 Fjölbreytileiki
- 11 Mannréttindi í virðiskeðju
- 12 Heilsa og öryggi neytenda
- 13 Ábyrgir markaðshættir

Stjórnarþættir

- 14 Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning

Mikilvægispættir samstæðu


	Staðall	Flokkur (mælikvarðar)	Áhrif á samfélag (impact)	Fjárhagsáhrif (finance)	Virðiskeðjan
Loftslagsbreytingar	ESRS - E1 Climate change adaptation - Physical risks	Water-related hazards	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
		Climate-Related Policy and Legal Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
	ESRS - E1 Climate change adaptation - Transition risks	Climate-Related Technology Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
		Climate-Related Market Transition	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
	ESRS - E1 Climate change mitigation	Industrial processes	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Category 4: Upstream transportation and distribution	High (Material)	High (Material)	Upstream
		Category 5: Waste from operations	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Category 9: Downstream transportation and distribution	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Fugitive emissions	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Category 2: Capital goods	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
ESRS - E1 Climate change mitigation	Category 12: End-of-life treatment of sold products	High (Material)	Moderate	Downstream	
	Mobile fuel consumption	Moderate	High (Material)	Direct operations	
Orka	ESRS - E1 Climate change mitigation	Electricity consumption	Moderate	High (Material)	Direct operations
Umbúðir og hráefni		ESRS - E1 Climate change mitigation	Category 1: Purchased goods and services	Very high (Material)	High (Material)
Vatnsmengun og skaðleg efni	ESRS - E2 Pollution	Pollution of water	High (Material)	High (Material)	Upstream & Direct operations
		Microplastics	Moderate	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
		Substance of concern	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
		Substances of very high concern	High (Material)	Moderate	Upstream & Direct operations
Vatnsnotkun og fráveita	ESRS - E3 Water and Marine resources	Water withdrawals	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Water consumption	High (Material)	High (Material)	Upstream & Downstream
		Water discharges in water bodies and in the oceans	High (Material)	High (Material)	Upstream, direct operations & downstream
Líffræðilegur fjölbreytileiki	ESRS - E4 Biodiversity and Ecosystems	Direct impact drivers of biodiversity loss - Climate Change	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
		Land-use change, freshwater-use change and sea-use change	High (Material)	Moderate	Upstream
		Land degradation	High (Material)	Moderate	Upstream & Downstream
Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi	ESRS - E5 Circular Economy	Resources inflows, including resource use	High (Material)	High (Material)	Upstream
		Resource outflows related to products and materials	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Waste	High (Material)	High (Material)	Downstream

Mikilvægispættir samstæðu

	Staðall	Flokkur (mælikvarðar)	Áhrif á samfélag (impact)	Fjárhagsáhrif (finance)	Virðiskeðjan
Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning	ESRS - G1 Business conduct	Corporate culture	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Animal welfare	High (Material)	Low	Upstream
		Management of relationships with suppliers including payment practices	High (Material)	Moderate	Downstream
Fjölbreytileiki Heilsa og öryggi Vellíðan og færniþróun starfsfólks	ESRS - S1 Own Workforce	Gender equality and equal pay for work of equal value	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Diversity	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Health and safety	High (Material)	Moderate	Direct operations
		Work-life balance	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Training and skills development	High (Material)	High (Material)	Direct operations
		Privacy	High (Material)	High (Material)	Direct operations
Mannréttindi í virðiskeðju	ESRS - S2 Workers in the Value chain	Working time	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Adequate wages	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Freedom of association	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Principle of equal treatment	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Measures against violence and harassment in the workplace	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Diversity	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Child labour	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Forced labour	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Adequate housing	High (Material)	High (Material)	Downstream
		Collective bargaining	High (Material)	Moderate	Downstream
		Health and safety	High (Material)	Moderate	Downstream
Ábyrgir markaðshættir Heilsa og öryggi neytenda	ESRS - S4 Consumers and End users	Water and sanitation	High (Material)	Moderate	Downstream
		Protection of children	High (Material)	Moderate	Downstream
		Responsible marketing practices	High (Material)	Moderate	Downstream
		Health and safety	High (Material)	High (Material)	Downstream

Tvíátta mikilvægisgreining

Niðurstöður tvíátta mikilvægisgreiningar



2. Umhverfispættir

Bera gerir sér grein fyrir áhrifum starfsemi samstæðunnar á loftslagið og lítur á sjálfbærni sem lykilþátt í langtímaárangri félagsins. Bera vinnur markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðst við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Með stöðugum umbótum í rekstri leitast Bera við að lágmarka kolefnisspor sitt. Bera vinnur eftir viðmiðum UN Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu.

Bera leggur sitt af mörkum til þess að Ísland nái loftslagsmarkmiðum um 40% minnkun kolefnisspors til 2030.

Loftslagsbreytingar

Bera hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Aðferðafræðin byggir á Science Based Targets (SBTi) sem hefur að markmiði að draga úr kolefnislosun í allri virðiskeðjunni og það sem stendur eftir er svo bundið með vottuðum kolefniseiningum.

Bera hefur skrifað undir samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um skógrækt á hluta af jörð Skógræktarfélagsins í Lundarreykjadal og er framkvæmdaleyfi í höfn. 400.000 trjáplöntur verða gróðursett- ar á næstu fimm árum. Samkvæmt samningum eignast Bera megnið af þeim kolefniseiningum sem til verða. Skógræktarfélag Reykjavíkur eignast skóginn sem verður útivistarskógur, opin almenningi.

Loftslagstengd áhætta og tækifæri

Bera hefur greint helstu loftslagstengdar áhættur og tækifæri er varða rekstur félagsins. Áhætta félagsins í loftslagsmálum er að mestu leyti tengd nýjum lögum og reglugerðum, það er ef einhverjar vörur verði ekki leyfðar eða há losunargjöld og háir mengunarskattar verði lögð á. Einnig geta breytt viðhorf neytenda orðið að áhættu og þarf félagið að fylgjast með breyttum þörfum þeirra, t.d. hvað varðar sjálfbærar umbúðir. Á sama tíma geta mengunarmál valdið rekstraráhættu fyrir félagið. Nánari umfjöllun um loftslagstengda áhættu og tækifæri er að finna á heimasíðu Beru.



Samstarfsaðilar

Bera á í samstarfi við fjölda aðila í sjálfbærnivægferð sinni. Má þar nefna Festu, UN Global Compact og þátttöku í verkefnum á borð við Heimsmarkmiðin og SBTi. Bera telur mikilvægt að vinna með fram- sæknum aðilum og vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sér stað á heimsvísu.



Stoltur aðili Festu

Bera tók þátt í Loftslagsyfirlýsingum Festu og Reykjavíkurborgar árið 2015 ásamt meira en 100 öðrum fyrirtækjum. Verkefnið fólst í því að vinna markvisst í loftslagsmálum og hefur kolefnisspor frá eigin rekstri (umfang 1 og 2) minnkað um 83% á þeim tíma. Í september 2023 funduðu Ölgerðin, nú Bera, og stjórnendur þeirra fyrirtækja hérlendis sem hafa skuldbundið sig að aðlaga kolefnisfótspor sitt að Parísarsáttmálanum með því að setja sér markmið um samdrátt í losun samkvæmt SBTi. Verkefnið hefur burði til að marka tímamót í áhrifamiklum aðgerðum á sviði loftslagsmála í íslensku atvinnulífi. Verkefnið er leitt af einstökum hópi sérfræðinga og forstjóra og miðar það að mikilvægi leiðtoga á þessu sviði, markvissri fræðslu og upplýsingagjöf um árangur og aðgerðir. Bera er ein af kjölfestum Festu árið 2025.



The Global Compact


UN Global Compact (UNGC) er sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og atvinnulífs um ábyrga starfshætti þar sem fyrirtæki og stofnanir eru hvött til góðra verka í þágu samfélagsins með sjálfbærni að leiðarljósi. Um 25 þúsund fyrirtæki eru aðilar að UN Global Compact á heimsvísu. Íslensk fyrirtæki sem eru virkir þátttakendur eru 34 talsins og er Bera þar á meðal. Tilgangur staðarnets UN Global Compact á Íslandi er að stuðla að markvissri samvinnu samtakanna við íslenskt atvinnulíf og hraða þannig þróun í sjálfbærni. Með þátttöku í Global Compact skuldbinda fyrirtæki sig til þess að innleiða tíu meginmarkmið sáttmálans í starfsemi sína. Þannig halda fyrirtæki ekki aðeins uppi grunnskyldum sínum gagnvart fólki og umhverfi, heldur skapa þau einnig verðmæti fyrir atvinnulífið og samfélagið, ásamt því að leggja grunn að árangri til lengri tíma.



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016 – 2030, eru 17 talsins með 169 undirmerki og taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til þess að vinna skipulega að innleiðingu markmiðanna, bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Bera hefur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í sjálfbærni- og umbreytingarstefnu samstæðunnar.



SCIENCE
BASED
TARGETS

DRIVING AMBITIOUS CORPORATE CLIMATE ACTION

Science Based Targets

SBTi er leiðarvísir fyrir fyrirtæki til að ná fram loftslagsmarkmiðum og koma í veg fyrir alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga. SBTi leiðir fyrirtæki í átt að kolefnishlutleysi (Net Zero), ýtir undir nýsköpun og sjálfbæran vöxt með því að gefa fyrirtækjum verkfæri til að setja metnaðarfull og vísindalega samþykkt sjálfbærni- markmið. Bera hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C til 2030 og ná fram kolefnishlutleysi árið 2040.

Science Based Target (SBTi)


Bera hefur sett sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miða að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C. [Hægt er að skoða fyrirtæki sem vinna eftir þessum viðmiðum og hafa fengið það staðfest hér.](#)

Bera hefur skuldbundið sig til að draga úr losun um 42% í umfangi 1 og 2 miðað við 2020, sem kemur til viðbótar þeim góða árangri sem þegar hafði náðst. Árið 2025 var samdráttur í umfangi 1 og 2 sem um nemur 63% miðað við viðmiðunarárið 2020. Bera hefur því náð markmiði sínu um að draga úr losun í eigin starfsemi og staðfestir árangurinn mikilvægt skref í sjálfbærnivegferð samstæðunnar.

Auk þess ætlar félagið að ná enn betur utan um óbeina losun (umfang 3) og draga úr losun eftir fremsta megni. Umfang 3 er sú losun sem á sér stað í virðisdeðjunni, bæði aðstreymi (t.d. vegna framleiðslu á hráefnum og aðkeyptrar þjónustu) og frástreymi (t.d. endurvinnsla á umbúðum). Umfang 3 er yfirleitt stærsti hluti kolefnisspors fyrirtækja og jafnframt sá flóknasti að mæla og að hafa áhrif á.


Árið 2025 var bætt við útreikningum á kolefnisspori gistinátta (umfang 3.6 viðskiptaferðir), sem gerir okkur kleift að fá nákvæmari mynd af heildarlosun og styður við markmið um að ná betur utan um óbeina losun (umfang 3).

Það er mikilvægt að undirstrika að erfitt er að minnka það sem ekki er mælt, því er þetta stórt og mikilvægt skref í átt að því að skilja virðisdeðjuna betur. Að ná utan um umfang 3 er stórt verkefni en Bera hlakkar til að gera enn betur. Með betri yfirsýn yfir virðisdeðjuna er betur hægt að greina tækifæri til umbóta, eiga markviss samtöl við birgja og velja vistvænni leiðir þar sem þess er kostur.



Nettó losun núll 2040

Kolefnislosun í umfangi 1 og 2. Tonn CO₂ígildi – með markaðsaðgerðum



Nettó losun núll 2040


Bera stefnir að nettó losun núll árið 2040 (e. Net-Zero 2040). Fyrirtækið mun minnka losun gróðurhúsalofttegunda eins mikið og unnt er og binda það sem eftir stendur með vottuðum kolefniseiningum. Þessu markmiði verður m.a. náð með orkuskiptum og með því að bæta ferla samstæðunnar af fullum krafti út frá hringrásarhagkerfinu, allt frá hráefnum og umbúðum til endurvinnslu. Sjálfbærniuppgjör Beru fyrir árið 2025 á við um Beru, Ölgerðina og Danól.

Kolefnisspor reksturs 83% minna

Bera hefur minnkað kolefnisspor reksturs (umfang 1 og 2) um 83% frá 2016 til 2025 á sama tíma og velta félagsins hefur aukist. Bera hefur sett sér SBTi-markmið um 42% minna kolefnisspor frá um-

Losunarkræfni tekna

Umfang 1, 2 og 3 kgCO₂/milljón



fangi 1 og 2 árið 2030 samanborið við 2020. Ef horft er til viðmiðunarársins 2020, hefur losun í umfangi 1 og 2 minnkað um 63% miðað við 2025. Markmiðinu hefur því þegar verið náð.


Losunarkræfni tekna

Markmiðið er að draga úr kolefnisspori rekstursins. Til að setja kolefnissporið í samhengi notum við losunarkræfni tekna sem mælikvarða. Sá mælikvarði gefur okkur innsýn í hversu kolefnispungur rekstur samstæðunnar er, óháð stærð, og hjálpar við að bera saman frammistöðu yfir tíma og milli fyrirtækja í sama geira.

Bera mælir losunarkræfni tekna út frá beinni og óbeinni losun og leitast við að bæta þessa nýtingu með því að draga úr orkunotkun, hagræða í framleiðslu og nýta vistvænni orkugjafa.

Losunarkræfni tekna samstæða

KgCO₂/milljón fyrir umfang 1 og 2



Árangur er metinn árlega og notaður til að styðja við ákvarðanatöku og markmiðasetningu um minnkun kolefnisspor.

Hér má sjá losunarkræfni tekna fyrir umfang 1, 2 og 3. Mælikvarðinn er settur fram bæði með og án viðbótarútreikninga í umfangi 3, sem teknir voru upp frá og með árinu 2024 til að tryggja samanburðarhæfni milli ára.

Bera hefur sett sér markmið um að losunarkræfni tekna fyrir umfang 1 og 2 sé 63% minna en viðmiðunarárið 2020. Losunarkræfni tekna var 57 kg CO₂ígildi/milljón árið 2020. Árið 2025 var losunarkræfni tekna 12 kg CO₂ígildi/milljón. Samdrátturinn nemur því 79% og hefur því markmiði verið náð.

Kolefnisspor Beru

Á gröfunum má sjá hvernig losunin skiptist og svo heildarlosun í umfangi 1, 2 og 3. Umfang 1 vísar til losunar sem á sér stað við eigin starfsemi vegna eldsneytisnotkunar og lekalosunar. Umfang 2 nær yfir óbeina losun sem tengist rafmagns- og orkunotkun. Umfang 3 er svo óbein losun sem tengist virðisæðjunni.


Losun í umfangi 1 lækkar um 80 tonn CO₂g milli ára, sem skýrist að stórum hluta af endurnýjun bílafloðans í takt við stefnu um 100% rafbílafloða árið 2030. Heildarlosun í umfangi 2 helst að mestu óbreytt á milli ára.

Breytingar í umfangi 3 endurspeglar bæði þróun í rekstri og uppfærðar forsendur í útreikningum. Mestur samdráttur er í aðkeyptum flutningi og dreifingu, einkum vegna minni losunar frá sjóflutningum, auk lækkunar í fastafjármunum og eldsneytis- og orkutengdri starfsemi. Á móti kemur aukning í losun frá úrgangi og við lok líftíma seldra vara.


Losun vegna viðskiptaferða dregst saman vegna uppfærðra losunarstuðla. Samgöngur starfsfólks dragast einnig saman vegna aukinnar gagnabekju og breyttra ferðavenja. Árið 2025 var jafnframt bætt við útreikningum á kolefnisspori gistinátta, sem ekki eru reiknaðir afturvirkir.

Bera hefur sett sér markmið að ná betur utan um óbeina losun í umfangi 3 og draga úr losun eftir fremsta megni. Árið 2024 var bætt við útreikningum á keyptum farartækjum sem falla undir umfang 3.2 (fastafjármunir), sem og hýsingu á keyptri vöru sem fellur undir umfang 3.4 (aðkeyptur flutningur og dreifing). Árið 2025 var jafnframt bætt við útreikningum á gistinóttum undir umfang 3.6 (viðskiptaferðir).


Súlurit umfangs 3 sýnir losun með og án viðbótarútreikninga, þannig að auðveldara sé að bera saman gögn milli ára.




Umfang 1 tCO₂í



Umfang 2 tCO₂í



Umfang 3 tCO₂í




Niðurbrot á kolefnisspori eftir árum


Hér má sjá niðurbrot á kolefnislosun Beru og breytingar á milli ára. Eins og við má búast eykst losun frá þáttum eins og umbúðum, hráefnum, aðkeyptum flutningi og endurvinnslu umbúða samhliða aukinni veltu og sölu. Eldsneytisnotkun farartækja hefur minnkað sem

má rekja til aukinnar hlutdeildar rafbíla í eigu félagsins. Í lok árs 2025 voru rafbílar rúmlega 63% af heildarflotanum, sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna dreifingu á vörum.

Niðurbrot á umfangi



Kolefnisspor Beru 2025 Umfang 1, 2 og 3 (tonn CO₂ ígildi)



Orka og orkunotkun í starfsemi

Bera hefur sett sér markmið um að öll orka í starfsemi samstæðunnar verði endurnýjanleg árið 2030. Bera notar orku til framleiðslu, pökkunar, hýsingar, dreifingar og reksturs fasteigna. Heildarorkunotkun árið 2025 var 27.024 MWst.


Stærstur hluti rafmagns sem Bera notar er upprunninn frá endurnýjanlegum orkugjöfum, svo sem vatnsafli og jarðvarma sem telur fyrir 94,9% af heildarorkunotkun ársins 2025. Jarðefnaeldsneyti stendur fyrir 5,1% af heildarorkunotkun Beru árið 2025. Til samanburðar var hlutfall jarðefnaeldsneytis 6,2% árið áður. Árið 2025 nýtti Bera vottað rafmagn frá 100% endurnýjanlegum orkugjöfum á tilteknum starfstöðvum, samkvæmt upprunavottorði frá raforkusala á Íslandi. Þetta á við um starfsemi að Grjóthálsi 7–11 og Köllunarklettsvegi 6.

Betri orkunýting

Félagið hélt áfram að bæta orkunýtingu í starfsemi sinni árið 2025 með innleiðingu markvissra tæknilausna. Með þeim aðgerðum sem hefur verið gripið til hefur náðst fram árangur í betri orkunýtingu, einkum innan framleiðsluferla. Til að mynda var settur inn nýr kæliur fyrir blástursvél Ölgarinnar en sú breyting lækkar rafmagnsnotkun kælingarinnar um 60%, auk þess að eftir breytinguna er notaður 100% náttúruvænn kælimiðil. Einnig var endurnýjaður ofn sem bræðir plast fyrir ytri umbúðir. Ofninn endurnýtir varmann sem kemur við hitun og minnkar þannig orkunotkun. Einnig hafa verið gerðar breytingar á bruggferlinu í suðuhúsi félagsins sem minnkar orkunotkun við suðu bjórs. Á árinu var jafnframt tekið á mótí tveimur rafmagnsvöruflutningabílum til viðbótar sem stuðla að minni losun í dreifikerfi Beru. Rafmagnsvöruflutningabílnir eru því nú orðnir sex talsins.



Eldsneytisnotkun farartækja tonn CO₂í




Rafvæðing bílaflotans

Markmið Beru er að 100% bílaflotans keyri á rafmagni 2030. Árið 2023 tók Bera á móti fyrstu rafmagnsvöruflutningabílunum og markaði þannig tímamót í sögu orkuskipta á Íslandi. Síðan þá hefur hefur tveimur rafknúnum vöruflutningabílum verið bætt við flotann árlega. Hlutfall rafmagnsvöruflutningabíla Beru í lok árs 2025 var 55%.

Bera er langt á veg komin í rafvæðingu bílaflota samstæðunnar. Í lok árs 2025 keyrðu um 63,2% af öllum bílum í eigu Beru á 100% raforku; til samanburðar var það hlutfall um 50% í lok árs 2024. Að meðtöldum tengiltvinnbílum er það hlutfall 73,6% í lok árs 2025.

Þróun rafvæðingu bílaflota og hleðslustöðva

Fjöldi rafbíla og hleðslustöðva



Fjárfesting í innviðum og hleðslustöðvum

Bera hefur á undanförunum árum byggt upp hleðsluinviði fyrir rafknúin ökutæki sem hluta af þróun rekstrarins.


Uppbygging hófst árið 2017 með fyrstu hleðsluaðstöðu. Árið 2019 voru settar upp 10 hleðslustöðvar í bílastæðahúsi og árið 2022 bættist við 21 stöð. Árið 2023 var fyrsta hleðslustöð fyrir trukka tekin í notkun.

Áfram er unnið að uppbyggingu innviða og árið 2026 er gert ráð fyrir frekari fjölgun hleðslustöðva, þar á meðal fyrir þyngri ökutæki.

Fjárfestingar í hleðsluinviðum styðja við orkuskipti og þróun í átt að hagkvæmari og umhverfisvænni rekstri.

Staðbundin eldsneytisnotkun

tonn CO₂í



Rafvæðing í framleiðslu

Þungamiðja í bjórframleiðslu Ölgerðarinnar eru gufukatlnir tveir. Árið 2016 var olíuketill stærsti losunarpáttur fyrirtækisins. Um mitt ár 2018 var rafmagnsketill settur í forgang og olíuketillinn nýttur sem varaafli. Árið 2023 var stigið stórt skref og fjárfest í nýjum 3MW rafmagnskatli sem kom í stað 1,5MW olíuketils. Þessi aðgerð hefur leitt til verulegrar minnkunar í losun sem fellur undir umfang 1. Staðbundin eldsneytisnotkun sem eftir stendur árið 2025 má rekja til notkunar lyftara í starfsemi.

Breytingar á dreifikerfi Danól

Á árinu voru gerðar breytingar á dreififyrirkomulagi þar sem hluti af beinum dreifingum í verslanir var færður yfir í afhendingu í miðlæg vöruhús. Fyrirhugaðar breytingar munu á ársgrundvelli draga verulega úr akstri sem hýstur er hjá utanaðkomandi þjónustuaðila og þar með minnka losun sem fellur undir umfang 3. Áætlað er að breytingarnar dragi úr akstri um tæplega 676 þúsund kílómetra á ári.

Umbúðir og hráefni

Bera leggur áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum umbúða og hráefna í samstarfi við birgja og samstarfsaðila. Áhersla er lögð á að minnka notkun hráefna, auka hlutfall endurninna efna og bæta flokkun og endurvinnslu í takt við kröfur markaðar og þróun hringrásarhagkerfisins.

Umbótahugsun er hluti af daglegum rekstri og starfsfólk vinnur stöðugt að því að bæta nýtingu auðlinda og draga úr sóun. Dæmi um slíkar umbætur eru breytingar á ferlum og búnaði sem hafa leitt til minni efnisnotkunar og aukinnar skilvirkni.

Í samstarfi við birgja hefur verið unnið að þróun umbúa með auknu hlutfalli endurninna efna og minni efnisnotkun. Plastflöskur eru að hluta eða öllu leyti framleiddar úr endurunnu plasti og unnið er að því að hámarka það hlutfall án þess að skerða gæði. Í samræmi við leiðbeiningar frá Endurvinnslunni hf. er miðað við að hlutfall endurnins PET (rPET) í flöskum fari ekki yfir 80%, til að tryggja gæði efnis og hámarka líftíma þess í endurvinnslukerfinu.

Samhliða hefur verið unnið að léttingu umbúða og breytingum á hönnun, meðal annars með plastflöskulausnum með lægra efnisinnihaldi. Þessar breytingar hafa leitt til verulegs sparnaðar í plastnotkun á ársgrundvelli, eða um 73 tonn árið 2025.

Einnig hefur verið dregið úr notkun plastfilmu og annars konar einnota umbúða í flutningi með nýjum lausnum, svo sem breytingum á pökkun og festingum í dreifingu. Áætlað er að slíkar aðgerðir skili mælanlegum samdrætti í plastnotkun ár frá ári.

Bera er jafnframt eigandi í Endurvinnslunni hf. og tekur þannig virkan þátt í uppbyggingu og þróun endurvinnslukerfis fyrir drykkjarumbúðir á Íslandi. Sú þátttaka styður við hringrásarhagkerfi og bætir nýtingu hráefna í virðiskeðjunni.

Bera mun áfram vinna með birgjum og samstarfsaðilum að umbótum á umbúðum með það að markmiði að draga úr umhverfisáhrifum og styðja við sjálfbærari nýtingu auðlinda.



Umbúðir í drykkjarframleiðslu

Plastflöskur fyrir framleiðsluvörur Ölgerðarinnar eru ýmist úr 50% eða 100% endurunnu plasti og plastfilma utan um plastflöskur er úr 100% endurunnu plasti. Á árinu var hluti af framleiðsluvörum Ölgerðarinnar færður í 100% endurunnioð plast. Á árinu 2026 verður þó gerð aðlögun á hlutfalli endurunnins efnis í plastflöskum í samræmi við tilmæli Endurvinnslunnar. Miðað er við að hlutfall endurunnins plasts fari ekki yfir 80%, með það að markmiði að tryggja gæði efnis og hámarka líftíma þess í endurvinnslukerfinu.

Ölgerðin fól verkfræðistofunni EFLU að uppfæra fyrri vistferilsgreiningu á umbúðum árið 2025. Umbúðir Ölgerðarinnar hafa tekið breytingum frá því að fyrri vistferilsgreining var birt árið 2020, þar má nefna nýja tegund af áldósum með sleek-útliti og léttari plastflöskur með áföstum tappa. Samhliða því voru flöskurnar léttar um 3,6 til 4,5 gr eftir stærð í apríl 2024. Árið 2025 nam áætlaður sparnaður vegna breytinganna 73 tonnum af plasti, eða samtals 131 tonnum frá því að breytingin var innleidd árið 2024.

Dregið hefur verið úr notkun plastfilma við flutning á tómun dós-um með því að nota plaststrappa í stað plastfilma utan um bretti. Breytingin var gerð í samráði við dósaframleiðanda Ölgerðarinnar. Með breytingunni minnkar notkun plastumbúða og áætlað er að spara um 3.660 kg af plastfilma á ári.



Líffræðilegur fjölbreytileiki

Starfsemi í nálægð við vernduð svæði

Bera og félög innan samstæðunnar leggja áherslu á að starfsemi hafi sem minnst neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Við skipulag og rekstur fasteigna er tekið tillit til nærliggjandi vistkerfa og verndarsvæða og leitast við að draga úr raski og umhverfisáhrifum.

Fasteignir í eigu Beru eru meðal annars við Grjóháls 7–11 og Köllunarklettsveg 6. Við þróun og rekstur á þessum svæðum er unnið í samræmi við gildandi skipulags- og umhverfiskröfur.

Nýlega fékk Bera samþykkt kaup lóð á Hólmsheiði sem er í nálægð við vatnsverndarsvæði. Fyrirhuguð uppbygging vöruhúss á svæðinu hefur verið undirbúin með áhættumati sem nær bæði til framkvæmdatíma og rekstrar. Matið tekur meðal annars til mögulegra áhrifa á jarðveg, grunnvatn og nærliggjandi vistkerfi, og er unnið í samræmi við viðeigandi kröfur og leiðbeiningar.

Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif, svo sem vandaða meðhöndlun efna, fráveitulausnir og viðbragðsáætlanir vegna mögulegra atvika. Einnig er fylgst með þróun verkefna og gripið til úrbóta ef þörf krefur.

Með þessum aðgerðum leitast Bera við að tryggja að uppbygging og rekstur fari fram með ábyrgum hætti og í sátt við umhverfið.

Skógrækt og kolefnisbinding

Bera hefur gert samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um skógrækt á hluta af landi félagsins í Lundarreykjadal. Verkefnið felur í sér uppgræðslu og ræktun nýs skógar þar sem áætlað er að gróðursetja um 400.000 trjáplöntur á næstu fimm árum. Framkvæmdaleyfi liggur fyrir og gróðursetning hefst sumarið 2026.

Markmið verkefnisins er tvíþætt: annars vegar að stuðla að kolefnisbindingu og hins vegar að styðja við uppbyggingu útivistarskógar. Samkvæmt samningi eignast Bera megnið af þeim kolefniseiningum sem verða til í verkefninu á meðan Skógræktarfélag Reykjavíkur verður eigandi skógarins, sem verður opin almennungi til útivistar.

Verkefnið er hluti af aðgerðum Beru til að draga úr kolefnisspori og styðja við jákvæð umhverfisáhrif til lengri tíma. Með samstarfi við faglega aðila er leitast við að tryggja að framkvæmd og eftirfylgni sé í samræmi við viðurkenndar aðferðir og kröfur.



Vatnsnotkun

Vatn er ein mikilvægasta auðlind jarðar og gegnir lykilhlutverki í starfsemi Beru sem undirstaða framleiðsluvara Ölgerðarinnar. Við lítum ekki á vatn sem sjálfsgöðan hlut heldur sem dýrmætan og takmarkaðan náttúruauð sem ber að nýta með ábyrgum hætti. Á árinu 2025 nam heildarvatnsnotkun Beru 310.840 m³ af köldu vatni og 193.345 m³ af heitu vatni.

Starfsemi Beru er ekki á vatnsáhættusvæði en samsteypan er meðvituð um að vatnsnotkun og aðrar auðlindir geti haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni og jafnframt leitt til áhættu á vöruskorti til lengri tíma. Því leggur Bera áherslu á að vinna með birgjum sem taka tillit til umhverfisáhrifa og framkvæmir reglulegt birgjamat.



Auðlindanotkun og hringrásarhagkerfi

Bera og félög innan samstæðunnar leggja áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda og að innleiða meginreglur hringrásarhagkerfis í starfsemi sinni. Markmiðið er að draga úr sóun, bæta nýtingu efna og lengja líftíma auðlinda þar sem kostur er.

Bera vinnur stöðugt að því markmiði með því að bæta aðstöðu, fræða starfsfólk og leita nýrra leiða til að flokka sem mest af úrgangi.

Markviss skref voru tekin í átt að markmiðum með aukinni fræðslu og virkri þátttöku starfsfólks. Upplýsingum og hvatningu til betri flokkunar var miðlað í gegnum innra net Beru. Þá voru innleiddir QR-kóðar í kaffikróa þar sem starfsfólk getur sent inn hugmynd, spurningar eða tillögur að flokkunartengdum úrbótum. Í gæða- og sjálfbærnivíku hélt Íslenska Gámafélagið fræðsluerindi um mikilvægi flokkunar.


Flokkunarhlutfall

Bera hefur sett sér markmið að ná 99% flokkunarhlutfalli árið 2030. Heildarmagn úrgangs hefur minnkað um 17% milli ára og á sama tíma hefur flokkunarhlutfallið hækkað örlítið. Magn úrgangs árið 2024 var að hluta til rakið til framkvæmda við aðlögun húsnæðis að Grjóthálsi 7 vegna flutnings kaffipjónustudeildar.


Bera leitar sífellt leiða til að minnka sóun og leggur áherslu á að gefa umbúðum nýtt líf.

Vörubretti sem falla til eru afhent samstarfsaðila til endurnýtingar, þar sem nothæfir hlutar úr fleiri brettum eru sameinaðir og úr verða heil og endurnýtanleg bretti til áframhaldandi notkunar. Jafnframt eru kassar utan um plastflöskur endurnýttir í stað þess að fara í förgun. Á árinu var flokkunarferill fyrir plast uppfærður, sem einfaldar flokkun og stuðlar að bættri endurvinnslu ytri plastumbúða.


Flokkunarhlutfall úrgangs




Heildarmagn úrgangs




Hlutfall umbúðategunda



Skilahlutfall í Endurvinnsluna árið 2025



Heildarskilahlutfall eftir árum




Endurvinnsla umbúða

Bera er einn eigenda Endurvinnslunnar sem á stóran þátt í að tryggja drykkjarumbúðum framhaldslíf. Það er mikilvægt að einnota drykkjarvöruumbúðum sé skilað í endurvinnslu svo þær eigi möguleika á framhaldslífi. Endurvinnslan sér um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða héraðs og selur til endurvinnslu. Árið 2025 var skilahlutfallið 93,61%.

Yfirlit um umbúðasamsetningu tekur til áldósa, glers, plastflaskna og kúta hjá Ölgerðinni, Collab Inc. og Iceland Spring. Losun vegna endurvinnslu umbúða er reiknuð með í umfangi 3, flokki 12 (lok líftíma seldra vara) í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar.

Innstreymi auðlinda, Ölgerðin – umbúðir




Endurvinnanlegt efni í umbúðum

Bera leggur áherslu á að auka hlutfall endurvinnanlegra og enduruninna efna í umbúðum samstæðunnar. Umbúðir eru stór hluti af auðlindanotkun og því lykilatriði í að styðja við hringrásarhagkerfi.

Árið 2025 nam heildarþyngd hráefna og umbúða um 6,8 milljónum kg, þar af um 2,2 milljónir kg umbúðir. Hlutfall enduruninna eða endurnýtttra efna var 47%, samanborið við 42% árið áður, sem endurspeglar aukna áherslu á bættu nýtingu efna.

Samsetning umbúða er fjölbreytt en plast (48%) og dósir (46%) eru stærstu flokkarnir á meðan gler og kútar eru minni hluti. Unnið er markvisst með birgjum að því að auka hlutfall endurvinnanlegra lausna og draga úr notkun frumefna þar sem mögulegt er.

Hlutfall endurnýtttra eða enduruninna íhluta, milliefna og hráefna






Kaffihylki.is

Ölgerðin og Danól flytja inn um 23 milljón kaffihylki á ári. Árið 2023 var sett upp söfnun og endurvinnsla kaffihylkja sem er með umhverfisvænni hætti en áður hefur þekkt hér á Íslandi. Hægt er að skila notuðum kaffihylkjum á 19 söfnunarstöðvar víða um land.

Kaffihylkin eru forunnin hjá Íslenska Gámafélaginu þar sem þau eru hökkuð og kaffikorgurinn sigtaður frá. Kaffikorgurinn fer í jarð- og gasgerðarstöð GAJU og verður þar að áburði en leitað er leiða til að nýta kaffikorginn á fleiri máta. Málmurinn fer í málmendurvinnslu.

Losun vegna endurvinnslu kaffihylkja er reiknuð með í umfangi 3, flokki 12 (lok líftíma seldra vara) í sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar. Inni á kaffihylki.is er hægt að sjá nánari upplýsingar um verkefnið.

Skilahlutfall kaffihylkja til endurvinnslu



Dregið úr matarsóun í vefverslun

Eitt af markmiðum fyrirtækisins er að minnka matarsóun. Á forsiðu vefverslunar Danól, dótturfyrirtækis Ölgerðarinnar, er vakin sérstök athygli á tilboðsvörum. Til að draga úr sóun og hámarka nýtingu birgða eru vörur settar á tilboð með það að markmiði að selja vöruna áður en gildistími rennur út í stað þess að senda í förgun. Á árinu 2025 voru 20.186 einingar seldar á sértíloði, sem samsvarar 115 tonnum.

3. Félagspættir

Starfsfólk Beru er ein dýrmætasta auðlind fyrirtækisins. Það sér ekki aðeins um að raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í fyrirtækinu heldur er það dugnaður þess og áræðni sem hafa séð til þess að viðskiptavinir rekstrarfélaga Beru hafi keypt vörur fyrirtækisins í yfir hundrað ár. Það er Beru því mikið kappsmál að sjá til þess að starfsfólki fyrirtækisins líði vel við störf sín og að það vaxi og dafni í takt við árangur samsteypunnar.


Hjá Beru starfar fjölbreyttur hópur fólks með ólíkan bakgrunn, reynslu og menningu. Starfsfólk er af 18 þjóðernum. Meðalaldur starfsfólks er 36 ár og meðalstarfsaldur er sex ár.

Mannréttindi

Bera vinnur eftir mannréttindastefnu og hefur birt hana á heimasíðu félagsins. Bera styður og virðir mannréttindi í samræmi við alþjóðlegar samþykktir um grundvallarmannréttindi, svo sem mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu Þjóðanna og ILO um rétt við vinnu (e. ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work). Bera vinnur eftir 10 grundvallarviðmiðum UN Global Compact-sáttmálans og hefur skrif- að undir yfirlýsingu þess efnis. Tvö viðmiðanna snúa að mannréttind- um; félagið styður og virðir vernd alþjóðlegra mannréttinda og skuld- bindur sig til þess að gerast ekki meðsekt um mannréttindabrot. Bera framkvæmir birgjamat og setur þau skilyrði að samstarfsfyrirtæki fari að öllum lögum og reglum í þeim löndum sem þau stunda viðskipti. Einnig gerir Bera þá kröfu að fyrirtækið hlífi öllum alþjóðlegum sam- þykktum um grundvallarmannréttindi, svo sem Barnasáttmála Sam- einuðu þjóðanna (e. UN Convention on the Rights of the Child) og sáttmála ILO um rétt við vinnu.



Starfsánægja



Vellíðan og færniþróun starfsfólks

Vellíðan og færniþróun starfsfólks er efnislegt málefni fyrir Beru þar sem árangur og sjálfbærni samstæðunnar byggir á hæfu og áhugasömu starfsfólki. Bera telur mikilvægt að skapa öruggt og styðjandi vinnuumhverfi þar sem starfsfólk fái tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Þetta nær bæði til líkamlegrar og andlegrar heilsu, sem og formlegrar og óformlegrar færniþróunar.

Bera trúir því að áhersla á vellíðan og færniþróun starfsfólks skili sér í aukinni starfsánægju, minni starfsveltu og bættri frammistöðu, sem styðji við langtíamarkmið samstæðunnar.

Helstu verðmæti Beru felast í mannauðnum og fylgst er með þróun starfsánægju með mælingum hlutlauss aðila og niðurstöður nýttar til úrbóta. Mælingarnar fara fram fjórum sinnum á ári. Frá árinu 2021 hefur markmið Ölgerðarinnar, nú Beru, um 85% starfsánægju náðst, sem staðfestir árangur af markvissri uppbyggingu vinnustaðarmenn- ingar.

Starfsþróun og menntunarstig

Unnið hefur verið að því að kortleggja menntunarstig starfsfólks til að skapa betri yfirsýn og auðvelda greiningu á tækifærum til starfsþró- unar. Með þessum upplýsingum getum við markvisst stutt við starfs- fólk í sinni faglegu vegferð.

Bera er fjölbreyttur, en fyrst og fremst skemmtilegur, vinnustaður þar sem fólk með ólíkan bakgrunn og menntun kemur saman. Hjá okkur starfa meðal annars bakarar, þjónar, matreiðslufólk, snyrtifræðingar, bílstjórar með meirapróf, viðskiptafræðingar, verkfræðingar, sál- fræðingar, lífeindafræðingar, matvælafræðingar, stjórn málafræðingar, plötusnúðar og bruggmeistarar.

Störfin eru jafnfjölbreytt og fólkið og stór hluti þeirra krefst ekki form- legrar menntunar. Til að styðja við þróun og þroska starfsfólks býð- ur Bera upp á fræðslustyrk sem hluta af starfsþróunar- og endur- menntunarstefnu fyrirtækisins.

Bera leggur áherslu á að starfsfólk geti vaxið í starfi, fært sig til og unnið sig upp innan fyrirtækisins. Á árinu fengu 11 einstaklingar tækifæri til þess með tilfærslu í ný störf eða framþróun í núverandi hlutverki.

Fjölbreytileiki

Fjölbreyttur vinnustaður er heilbrigður vinnustaður. Bera vill laða að sér hæfasta starfsfólkið með hvetjandi og fordómalausri fyrirtækis-
menningu sem leggur áherslu á jafna möguleika. Fjölbreyttur hóp-
ur starfsfólks býr yfir breiðari sýn, greinir betur þarfir viðskiptavina
og getur aðlagð þjónustuna að þeim. Fjölbreytileiki leiðir til betri ár-
angurs og gerir samstæðu Beru að eftirsóknarverðari vinnustað.

Stefna um fjölbreytileika

Bera hefur sett sér stefnu um fjölbreytileika og jafnrétti. Samsteypan
skuldbindur sig til þess að vinna stöðugt að umbótum í jafnréttismál-
um og fjölbreytileika. Markmið stefnunnar er að stuðla að jafnri stöðu
alls starfsfólks og jöfnum tækifærum, óháð kyni, aldri og uppruna,
og koma í veg fyrir ómálefnalegan launamun. Markmið okkar er að
Bera sé eftirsóknarverður vinnustaður í huga fólks. Eitt af markmið-
um Beru er að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd hvað fjölbreytileika
varðar.

3. gr. Stefnumið

Bera leggur metnað í að gæta jafnréttis milli starfsfólks með því að sjá markvisst til þess að:


1. Konur, karlar og fólki með hlutlausu skráningu kyns í Þjóðskrá fái greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt fólk, óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.
2. Öll störf standi fólki af öllum kynjum opin.
3. Jafna hlutfall kynja og auka fjölbreytni innan fyrirtækisins, einstakra hópa og deilda.
4. Vinna markvisst gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
5. Efla fræðslu og vitund alls starfsfólks um kynjajafnrétti og áskoranir minnihlutahópa.
6. Allt starfsfólk njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
7. Auka sveigjanleika og jafnvægi á milli starfsábyrgðar og einkalífs.
8. Efla jafnréttismenningu innan fyrirtækisins þannig að allt starfsfólk upplifi sig velkomið.
9. Auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kynjanna. Þær eigi ekki að vera einu kyni til minnkunar eða lítilsvirðingar, eða stríða gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

Kynjahlutföll


Karlar eru í meirihluta hjá Beru, einkum í framleiðslu og vöruhúsi þar sem hlutfall þeirra er hátt. Þetta endurspeglar einnig umsóknarmynstur, þar sem fleiri karlar sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Sögulega hefur kynjahlutfall innan Ölgerðarinnar (nú samstæðu Beru) verið karllægt, sérstaklega í rekstartengdum störfum. Undanfarin ár hefur þó orðið jákvæð þróun í átt að auknu jafnvægi.


Árið 2020 voru konur 30% millistjórnenda en það hlutfall hefur nú hækkað í 43%. Þessi þróun er í samræmi við markmið fyrirtækisins um að jafna kynjahlutföll og skapa fleiri tækifæri fyrir konur til að vaxa og taka að sér stjórnunarhlutverk.




Hér má sjá kynjaskiptingu síðustu átta ára




Millistjórnendur



Framkvæmdastjórn



Hlutfall kynja í framkvæmdastjórn 2025



Jafnvægisvogin

Ölgerðin, nú Bera, hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um Jafnvægisvogina og tekur þannig þátt í að jafna hlutfall karla og kvenna í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi. Markmið Jafnvægisvogarinnar er að auka jafnvægi í efsta lagi stjórnunar fyrirtækja í íslensku viðskiptalífi með það að markmiði að árið 2027 verði 40/60 kynjahlutfall í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi.

Bera skuldbindur sig einnig til að taka þátt í innleiðingu á kynjakvóta í stjórnun hlutafélaga, lög nr. 13/2010 og heitir því að vinna að markmiðum Jafnvægisvogarinnar, leggja verkefninu lið við öflun áreiðanlegra upplýsinga og taka þátt í könnun sem tengist öflun upplýsinga um stöðu mála.


Jafnrétti og fjölbreytileiki

Ölgerðin, nú Bera, hefur hlotið vottun sem hinseginvænn vinnustaður frá Samtökunum '78 og vinnur markvisst að því að skapa öruggt og inngildandi vinnuumhverfi fyrir öll. Árið 2024 lagði Ölgerðin fram metnaðarfulla jafnréttis- og fjölbreytileikastefnu til Jafnréttisstofu fyrir tímabilið 2024–2027.

Í stefnunni er lögð áhersla á að efla jafnréttismenningu, auka fræðslu og styrkja vitund starfsfólks um mikilvægi fjölbreytileika og áskoranir mismunandi hópa. Unnið er kerfisbundið að því að jafna hlut kvenna innan fyrirtækisins, stuðla að kynhlutlausri nálgun og tryggja að allt starfsfólk, óháð kyni, kynhneigð, uppruna eða færni, upplifi sig velkomið.

Sem liður í þessari vinnu hafa verið innleiddar fjölbreyttar aðgerðir, svo sem fræðsla, aðgengi að kynhlutlausum salernum og bætt aðstaða í búningsherbergjum. Með þessum skrefum hyggst Bera byggja upp vinnustað þar sem virðing, jafnrétti og fjölbreytileiki eru sjálfsögð gildi.



 **3,2 klst.**
fræðslutundir per starfsmann

 **2,7 klst.**
fræðslustundir

 **3,5 klst.**
fræðslustundir

Fræðsla og þjálfun

Fræðsla og þjálfun eru mikilvægir þættir í því að styðja við vellíðan, öryggi og faglega þróun starfsfólks. Lögð er áhersla á að starfsfólk hafi aðgang að markvissri fræðslu sem styður við hæfni í starfi og skapar tækifæri til þróunar.

Félagið nýtir rafrænt fræðslukerfi til að halda utan um skyldufræðslu og aðra þjálfun. Kerfið tryggir aðgengi að námskeiðum, fræðsluefni og lykilupplýsingum, þar á meðal starfsmannahandbók. Nýju starfsfólki er veittur aðgangur að kerfinu við starfsupphaf og fer í gegnum nýliðafræðslu þar sem farið er yfir helstu atriði um starfsemi, stefnur og reglur. Skyldufræðsla er skilgreind út frá hlutverki starfsfólks og þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar hverju sinni.

Félagið fylgist með fræðslu og þjálfun með mælikvörðum. Á árinu 2025 var meðalfjöldi árlegra fræðslustunda á hvern starfsmann 3,2 klst. (karlar: 2,7 klst., konur: 3,5 klst.). Mælikvarðinn er nýr og því liggja ekki fyrir samanburðargögn frá fyrri árum.

Með áframhaldandi þróun fræðslu, betri yfirsýn yfir gögn og virkri þátttöku starfsfólks er markmiðið að styrkja hæfni, auka öryggi og styðja við jákvæða vinnustaðarmenningu.

Fjölbreytileiki í gegnum matarmenningu

Í mötuneyti Beru er lögð áhersla á að kynna matarmenningu frá mismunandi þjóðum. Haldið er upp á svokallaða matardaga sem starfsfólk tekur þátt í. Árið 2025 var unnið með starfsfólki frá Serbíu, Víetnam og Litháen sem kynnti sína matarmenningu. Með þessu skapast vettvangur fyrir aukin tengsl, betri skilning og jákvæða upplifun af fjölbreytileika í daglegu starfi.

Jafnréttisfræðsla frá Kveikju

Í heilsu- og öryggisviku var boðið upp á jafnréttisfræðslu frá Kveikju fyrir allt starfsfólk. Fræðslan var einnig hluti af stjórnendanámskeiði félagsins í formi tveggja vinnustofa. Kveikja tvinnur saman greiningar og upplýsingar úr reynsluheimi fólks með það að markmiði að finna nýjar leiðir með sjálfbærni að leiðarljósi.


Íslenskukennsla fyrir öll

Öllu starfsfólki stendur til boða íslenskukennsla í samstarfi við Mímir Símenntun. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér íslenskukennslu.

Leitast er við að senda allt efni fyrirtækisins út á bæði íslensku og ensku, þar sem það á við. Á starfsdeginum okkar, Já-deginum, er boðið upp á tülkapjónustu til að tryggja að allt starfsfólk geti tekið virkan þátt.

Heilsa og öryggi starfsfólks

Heildarfjöldi slysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsfólks



Núll-slysastefna

Hjá Beru er stefna um slysalausan vinnustað og er öryggi starfsfólks í fyrirrúmi. Með fyrirbyggjandi fræðslu, öflugri nýliðapjálfun, framúrskarandi tækjakosti, öruggum aðbúnaði og tryggum verklagi er reynt að koma í veg fyrir slys.

Sérfræðingur í öryggis- og gæðamálum, í umboði gæðastjóra, hefur umsjón með öryggismálum innan samstæðunnar. Hjá Beru starfar öryggisnefnd sem tekur til umfjöllunar mál sem varða forvarnir, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Ef slys eiga sér stað eru þau skráð og greind. Í framhaldinu eru gerðar úrbætur á aðbúnaði eða verklagi til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Haldið er utan um skráningar á svokölluðum „næstum því-slysum“ þar sem starfsfólk skráir tillögur að úrbótum til að koma í veg fyrir slys.



Hvert slys er einu slysi of mikið og áfram er stefnt að markmiðinu um engin slys. Að ná og viðhalda núll-slysastefnu er verkefni sem aldrei lýkur og munu öryggismál og uppbygging öryggismenningar ávallt vera í brennidepli hjá fyrirtækinu.

Hvatningarverðlaun fyrir eftirtektarverðan árangur í öryggismálum

Ölgerðin, nú Bera, hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í öryggis- og umhverfismálum á forvarnaráðstefnu VÍS sem var haldin í Hörpu. Rökstuðningur fyrir viðurkenningunni var:

- Bera leggur mikla áherslu á öflugt forvarnarstarf með árlegu áhættumati sem er unnið í samstarfi við stjórnendur, starfsfólk viðkomandi deilda og öryggisnefndar. Neyðar- og krísuáætlun er til staðar og hreinlætis- og öryggisúttektir gerðar mánaðarlega ásamt eldvarnareftirliti.
- Auk þess stuðlar Bera að góðri heilsu starfsfólks og býður upp á aðgang að heilbrigðisstarfsfólki og heilsufarsmælingum ásamt ráðleggingum sjúkráðgjafara um rétta líkamsbeitingu.

Heilsa og öryggi starfsfólks



Heilsueflandi vinnustaður

Starfsfólk er hvatt til heilsueflingar hjá Beru með margvíslegum hætti. Því er boðið að nýta sér heilsustyrk til að niðurgreiða kostnað vegna líkamlegrar- eða andlegrar heilsu. Boðið er upp á samgöngusamning fyrir þau sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti.

Ár hvert er haldin heilsu- og öryggisvika með það að markmiði að auka vitund um mikilvægi góðrar heilsu og öryggi. Yfir vikuna er boðið upp á fjölda viðburða, svo sem íþróttaviðburði, fyrirlestra og námskeið. Bera stuðlar að því að fyrirkomulagið og dagskráin séu eins og best er á kosið hverju sinni svo flest starfsfólk geti fundið eitthvað við sitt hæfi í formi viðburða, heilsumatseðils eða annarrar þjónustu. Einnig er boðið upp á heilsufarsmælingu fyrir allt starfsfólk í heilsu- og öryggisvikunni.

Bera er með samning við Heilsuvernd sem er viðurkenndur, heildstæður þjónustuaðili á sviði heilsu- og vinnuverndar. Þjónustupættir Heilsuverndar fela í sér fjarveruskráningar og ráðgjöf til starfsfólks, þjónustu trúnaðarlækna, læknamóttöku og velferðarþjónustu auk annarrar þjónustu. Hlutverk Heilsuverndar er meðal annars að skrá veikindi og vera starfsfólki innan handar við úrlausn heilsufarslegra vandamála.

Heilsuvernd veitir ráðgjöf í veikindum og leiðbeinir hvert skal leita innan heilbrigðiskerfisins. Starfsfólk leitar áfram til heimilislækna sinna eða annarra lækna vegna meðferðar. Með skráningunni fæst heildarfirlit yfir fjarvistir starfsfólks innan mismunandi deilda fyrirtækisins og mögulegt er að bera saman deildir eða skoða Beru í samanburði við önnur fyrirtæki. Skráningin getur þannig nýst sem tæki til greiningar á aðbúnaði og öryggi á vinnustaðnum.

Starfaskipti

Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deilda og starfsfólks til að bæta þjónustu. Starfaskipti eru frábær leið til að kynnast samstarfsfélögum og til þess að kynnast störfum hver annars enn betur. Í starfaskiptum heimsækir starfsfólk aðrar deildir og ver að minnsta kosti hálfum starfsdegi með starfsfólki á öðrum vinnustöðvum og lærir af því.

Einn mánuður á ári er sérstaklega tileinkaður starfaskiptum en að sjálfsögðu geta starfaskipti farið fram á öðrum tímum. Þegar nýtt starfsfólk hefur störf fer það oft í starfaskipti, þar sem þau eru góð leið til að læra fljótt inn á starfsemina og kynnast fólki.

Alls fóru fram 40 starfaskipti innan fyrirtækisins á árinu.



Mannréttindi í virðis_keðju

Bera velur samstarfsaðila sem hafa sambærilegan metnað þegar kemur að sjálfbærniþáttum. Við vinnum með þeim hætti sem lýst er í siðareglum og við viljum vinna með birgjum sem hafa sömu viðmið.

Allir birgjar og aðrir sem koma að því að vinna verk í virðis_keðjunni, hvort sem um ræðir birgja, verktaka, ráðgjafa eða aðra, verða einnig að fylgja siðareglum. Allir birgjar þurfa að skrifa undir siðareglur félagsins (e. code of conducts). Aðilar hjá Beru sem bera ábyrgð á birgjasambandi verða að ganga úr skugga um að birginn vinni í takt við mannréttindastefnu Beru.

Við hvorki umberum né störfum með fyrirtækjum eða einstaklingum sem umbera:

- Mannréttindabrot annarra
- Ójafnrétti
- Nauðungarvinnu
- Mansal eða þrælahald
- Líkamlegar refsingar
- Ólöglega barnavinnu
- Ólögmeta mismunun
- Óöruggar vinnuaðstæður
- Ójafna meðferð
- Ósanngjörn laun
- Of langan vinnutíma
- Brot á vinnulöggjöf, félagafrelsi, skattgreiðslum eða öðru sem við kemur lögum
- Spillingu

Séstök tilkynningagátt er starfrækt fyrir birgja og viðskiptavini Beru þar sem hægt er að koma á framfæri ábendingum um mögulegt misferli eða ámælisverða háttsemi. Tilkynningagáttin er aðgengileg á vefsíðu Beru.

Birgjamat

Birgjamat er eitt af helstu vopnum Beru til þess að sporna við mannréttindabrotum og til að hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni. Bera hefur gert virkt birgjamat síðustu árin fyrir hráefna- og umbúðabirgja í innkaupum félagsins.

Á árinu hófst vinna við að innleiða nýtt birgjamatskerfi sem er mun víðtækara en fyrra birgjamatsferli félagsins. Allir birgjar Ölgerðarinnar hafa verið áhættumetnir. Allir birgjar Danól hafa farið í gegnum forskönnun fyrir áhættu. Í birgjamatinu er landfræðileg áhætta og áhætta tengd mismunandi iðnaði sérstaklega skoðuð. Birgjamatið hjálpar félaginu að hafa yfirsýn yfir gæðamál í innkaupum sínum og er jafnframt gott tæki til að ýta undir vitundarvakningu um sjálfbærni hjá þeim sem fyrirtækið á í viðskiptum við.

Útvíkkun á birgjamatskerfinu fyrir alla samstæðuna mun fara fram árið 2026.

Heilsa og öryggi neytenda

Heilsa og öryggi neytenda er mikilvægur þáttur í starfsemi Beru og félaga innan samstæðunnar. Lögð er áhersla á að vörur séu öruggar, uppfylli gæðakröfur og standist gildandi lög og reglur.

Samstæðan vinnur markvisst að því að tryggja rekjanleika og gæði í gegnum alla virðiskeðjuna, frá hráefnum til fullunninna vara. Einnig er lögð áhersla á skýra og áreiðanlega upplýsingagjöf til neytenda um innihald og uppruna vara.

Með reglulegu eftirliti og stöðugum umbótum er unnið að því að lágmarka áhættu og styðja við traust neytenda á vörum samstæðunnar.

Íslensk hráefni

Neytendur gera í síauknum mæli kröfur um að fá upplýsingar um uppruna framleiðsluvara og umhverfisleg áhrif þeirra. Með því að nýta íslenskt hráefni er hægt að minnka kolefnisspor þeirra vara sem Bera býður upp á.

Ölgerðin er stærsti einstaki notandi íslensks byggs til bjórgerðar. Við framleiðslu, meðal annars á Bola, er notað íslenskt bygg. Þrátt fyrir að vera stærsti einstaki notandi á Íslandi er þetta lítil hluti af heildarbyggmagni sem fyrirtækið notar. Ölgerðin hefur, ásamt landbúnaðarháskólanum, skoðað möguleika á frekari framleiðslu og möltun á byggi héraendis. Mörg atriði þurfa að koma til, t.d. réttur byggstofn til ræktunar héraendis og fjármagn til uppsetningar á möltunarstöð. Þetta er langtíma nýsköpunarverkefni en notkun íslensks hráefnis gæti minnkað kolefnisspor við bjórgerð mikið.

Í víngosdrykknum BAGL er notuð íslensk basilíka frá VAXA. Í COLLAB er notað kollagen sem er unnið af Feel Iceland úr sjávarafurðum sem falla til við vinnslu.



Ábyrgir markaðshættir

Gæði og öryggi vara og ábyrgð gagnvart samfélagi

Bera hefur sett sér skýra stefnu um gæði vara og fylgir vottuðu gæðastjórnunarkerfi þar sem mikil áhætta felst í brestum vegna gæða vara fyrir félagið. Lykilmælikvarði er viðhald vottunar samkvæmt ISO 9001 og ISO 22000 stöðlunum. Ölgerðin, nú Bera, hefur náð þeim markmiðum að halda í og efla gæðaímynd félagsins með því að tryggja að vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktar aðferðir á hverjum tíma og að starfsemin sé í samræmi við lög og reglugerðir og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum. Þá eru einnig til staðar viðbragðsáætlanir vegna veikinda eða annars konar skaða sem neytendur gætu orðið fyrir. Markmið Beru er að viðhalda þróuninni varðandi eflingu gæðaímynda félagsins áfram.

Ábyrg markaðssetning

Bera áttar sig á að sumar framleiðsluvörur samstæðunnar geti haft neikvæð áhrif ef þeirra er neytt í óhófi. Því leggur Bera áherslu á þróun hollari valkosta með minni eða engum sykri og auknu framboði áfengislausra drykkja. Bera er meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína á því hvernig vörur eru kynntar og markaðssettar og kappkostar

að veita neytendum skýrar og áreiðanlegar upplýsingar. Bera yfirseltur ekki, forðast villandi fullyrðingar og minnir á mikilvægi hóflegrar neyslu. Allt markaðsefni og vöruupplýsingar eru í samræmi við gildandi lög og reglur.

Styrkir til samfélagsins

Bera og félög innan samstæðunnar leggja áherslu á að styðja við samfélagið með markvissum hætti. Stuðningur beinist einkum að verkefnum sem stuðla að heilsu og vellíðan, sérstaklega meðal barna og ungmenna, sem og að félagslegum verkefnum og hjálparstarfi.

Hvert félag innan samstæðunnar útfærir sína eigin styrktarstefnu með hliðsjón af starfsemi sinni og nærumhverfi. Við val á verkefnum er leitast við að tryggja gagnsæi, jafnræði og að stuðningur skili raunverulegu samfélagslegu virði.

Samstæðan leitast einnig við að nýta vörur sem nálgast síðasta sölu- dag með ábyrgum hætti, meðal annars með því að koma þeim í farveg þar sem þær nýtast í stað þess að fara til spillis.

Með þessum hætti vill Bera leggja sitt af mörkum til jákvæðra samfélagslegra áhrifa og styðja við ábyrg og sjálfbær samfélög.



Samfélag og neytendur

Ölgerðin hefur áhrif á samfélag og neytendur í gegnum vöruframboð, markaðssetningu, samstarf og ábyrgð í virðiskeðju. Félagið leggur áherslu á að þróa vörur og lausnir sem styðja við ábyrgari neyslu og jákvæð áhrif á samfélagið.

Hollari valkostir

Ölgerðin hefur unnið markvisst að því að auka framboð af hollari valkostum í vöruúrvali með því að þróa nýjar vörur og endurbæta þær sem þegar eru á markaði. Þetta er mikilvægur hluti af sjálfbærnivegferðinni, þar sem lögð er áhersla á að bjóða upp á valkosti með minni eða engum sykri og áfengissnauða bjóra.

Sykurmagn í seldum lítra af drykkjum Ölgerðarinnar heldur áfram að minnka. Bæði hefur magn sykurs í sykrudum drykkjum minnkað, neytendur velja í auknum mæli sykurlausu eða sykurmínni valkosti og vöruúrval Ölgerðarinnar af hollari valkostum hefur aukist. Ölgerðin framleiðir einnig fjölda kolsýrðra drykkja sem eru ekki skaðlegir tannheilsu neytenda. Allar bragðtegundir Kristals eru tærar og hafa ekki glerungseyðandi áhrif.

Á síðustu níu árum hefur sykurmagn í hverjum seldum lítra minnkað um 72%. Markmið félagsins til ársins 2030 er 50% minni sykur á hvern seldan lítra af framleiðsluvöru miðað við árið 2020. Markmiðinu hefur verið náð, þar sem sykurnnihald í framleiðsluvörum Ölgerðarinnar hefur lækkað um 54% frá viðmiðunarári 2020.


Ölgerðin framleiðir úrval af hágæða bjór, bæði með áfengi og án áfengis. Áfengir drykkir geta haft skaðleg áhrif, sé þeirra ekki neytt í hófi. Samfélagið okkar er í stöðugri þróun og vaxandi fjöldi neytenda kýs að draga úr neyslu áfengis eða sleppa því að öllu leyti.

Ölgerðin hefur lagt áherslu á að auka úrval áfengissnauðra bjórtegunda svo neytendur geti valið þann drykk sem hentar hverju tilefni fyrir sig. Áfengissnauður bjór getur verið dæmi um mjög heilsusamlegan kost þar sem hann inniheldur vatn, humla og korn frá náttúrunni. Náttúruleg vítamín og steinefni auka enn á hollustu hans. Á árinu voru hágæða áfengissnauðar bjórtegundir settar á markað til að svara þeim áhuga sem neytendur hafa sýnt og mikil vinna var lögð í að gera þá jafnbragðgóða og bjóra með áfengi.


Sætuefni

Sætuefni eru notuð í hluta drykkja Ölgerðarinnar. Nokkur mismunandi sætuefni eru til og þau sem Ölgerðin notar eru öll viðurkennd og hafa verið rannsökuð yfir langan tíma. Stöðugt er fylgst með rannsóknnum á sætuefnum en innihaldsefnin eru samþykkt af Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA). Ölgerðin notar eingöngu samþykkt efni í matvæli. Drykkir með sætuefnum valda ekki sama blóðsykursjafnvægi og drykkir með sykri. Súkralósi, Acesulfame Potassium og Aspartame eru dæmi um sætuefni sem notuð eru hjá Ölgerðinni og má lesa meira um þau á [heimasíðu PepsiCo](#).

Sykurmagn (g á hvern seldan lítra)



Heildarmarkaður áfengislausra- og léttbjóra samkvæmt Nielsen (að verðmæti m. kr.)



Samstarfsverkefni



Riddarar kærleikans

Ölgerðin hefur stutt verkefnið [Riddarar kærleikans](#) sem vinnur að því að efla kærleika, samkennd og jákvæð samskipti í samfélaginu. Sem hluti af samstarfinu var Kærleiks Kristall settur á markað þar sem allur ágóði rann til Bryndísarhlíðar, verkefnis sem styður við geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Verkefnið fellur vel að samfélagsáherslum Ölgerðarinnar um ábyrgð og jákvæð áhrif í samfélaginu.



Eazy

Drykkur unninn með ungum frumkvöðlum úr frumkvöðlafræði í Verzlunarskóla Íslands fyrir vörumessu í Smáralind 2025. Drykkurinn var koffíndrykkur með minna koffínmagni en hefðbundnir koffíndrykkir. Eftir að vörumessunni og áfanganum var lokið var ákveðið að halda áfram samstarfi við frumkvöðlateymið og vinna var hafin við þróun nýs drykkjar. Frumkvöðlarnir fengu þá greitt fyrir sína þátttöku í verkefninu og ákveðið var að gera trefjabættan koffíndrykk án hefðbundinnar gervisætu. Drykkurinn fór á markað í apríl 2026 og er fyrsti trefjabætti koffíndrykkur landsins. Ölgerðin sá um framleiðslu á bæði fyrstu og annari útgáfu og einnig markaðssetningu og dreifingu á seinni útgáfunni. Verkefni sem þessi gefa ungu fólki tækifæri og dýrmæta reynslu og eru mikils virði fyrir bæði frumkvöðla og Ölgerðina.



Blær

Drykkur unninn í samstarfi við frumkvöðla úr MS í tengslum við vörumessu í Smáralind 2026. Drykkurinn inniheldur góðgerla og trefjar ásamt D og C vítamíni. Drykkurinn seldist upp í forsölu og gekk einnig frábærlega á vörumessunni. Ölgerðin sá um þróun á drykknum ásamt framleiðslu.

4. Stjórnarhættir

BERA Sjálfbæriskýrsla 2025



Viðskiptasiðferði og fyrirtækjamenning

Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglur Beru eru leiðarljós í ákvarðanatöku sem styður við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins. Þær taka til alþjóðlegra viðmiða og því geta viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vitað við hverju má búast af Beru. Starfs- og siðareglur eru auk þess skuldbinding Beru gagnvart starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum hagaðilum. Þær ná til alls starfsfólks og birgja og leiðbeina í daglegum verkefnum. [Starfs- og siðareglur félagsins má finna á vefsíðu Beru.](#)

Starfs- og siðareglur félagsins innihalda eftirfarandi stefnur:

- Mannauðsstefna
- Jafnréttis- og fjölbreytileikastefna
- Mannréttindastefna
- Sjálfbærni- og umbreytingarstefna
- Starfsreglur stjórnar
- Yfirlýsing um stjórnarhætti
- Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefna
- Stefna og áætlun gegn einelti og kynbundinni og kynferðislegri áreitni
- Gæða- og matvælastefna
- Samkeppnisréttarstefna
- Stefna gegn mútum og spillingu
- Stefna um upplýsingaöryggi
- Persónuverndarstefna
- Upplýsingastefna samstæðunnar

Stjórnunarhættir

Helsta áhætta félagsins er varðar stjórnunarhætti er fólgin í upplýsingaöryggi og öryggisbresti tölvukerfa. Þá felst einnig rekstraráhætta í því að ákvörðunartaka stjórnar og annarra innan félagsins taki ekki mið af samfélagi eða umhverfi. Unnið verður að því að skilgreina fleiri áhættuþætti er varða stjórnunarhætti, skilgreina árangur og setja markmið varðandi þessa áhættuþætti.

Stjórn Beru starfar eftir starfsreglum sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Hlutverk starfsreglnanna er að tryggja skilvirkni í starfsemi og tryggja rétta meðferð mála innan félagsins. Þá hlaut félagið viðurkenningu árið 2025 sem fyrirmyndar fyrirtæki í stjórnarháttum frá Stjórnvísi. Nánar má lesa um stjórnarhætti félagsins í stjórnarháttayfirlýsingu.



Siðferði og aðgerðir gegn spillingu og mútum

Bera vinnur eftir starfs- og siðareglum sem eru leiðarljós í því hvernig þeir ákvarðanir sem styðja við framtíðarsýn og gildi fyrirtækisins eru teknar. Viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vita við hverju má búast af félaginu og eru reglurnar skuldbinding gagnvart starfsfólki, viðskiptavinum og UN Global Compact.

Yfirstjórn og stjórnendum ber að sýna gott fordæmi og fylgja reglum í hvívetna, ásamt því að kynna þær vel fyrir starfsfólki sínu. Allt starfsfólk skrifar undir starfs- og siðareglur samhliða undirskrift ráðningarsamnings. Einnig er fræðsla í fræðslukerfi samstæðunnar um starfs- og siðareglur félagsins til að tryggja skilning og eftirfylgni.

Starfsfólki ber skylda að tilkynna allar boðsferðir eða gjafir sem því er boðið til yfirmanns og fær það samþykkt ef vilji er til að þiggja. Starfsfólki ber einnig skylda að tilkynna til yfirmanns öll eignar- eða venslatengsl við viðskiptavini eða birgja. Starfsfólk tekur ekki ákvarðanir í starfi ef þær tengjast á einhvern hátt ættingjum eða maka.

Bera fylgir öllum lögum og reglum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Verklagsreglur um uppljóstrun starfsfólks og vernd uppljóstrara sbr. lög nr. 40/2020 hafa verið innleiddar. Starfsfólk, birgjar og viðskiptavinir geta tilkynnt misferli í gegnum tilkynningargátt samstæðunnar.

Sjálfbærnistjórnun

Bera hefur sett sér metnaðarfull markmið um sjálfbærni í rekstri og er sjálfbærni lykilþáttur í ákvarðanatöku. Fyrirtækið tekur þátt í því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands um 40% minnkun kolefnisspors fyrir árið 2030 og hefur sett sér markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2040. Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að mæla og sannreyna með vísindalegum hætti hvernig til tekst að ná markmiðunum sem miða að því halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C skv. SBTi.

Bera vinnur auk þess eftir viðmiðum UN Global Compact og skilar árlega inn framvinduskýrslu. Bera hefur mælt árangurinn og gefið reglulega út upplýsingar um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti þess í sjálfbærnisráðgjöf. Aðra mælikvarða vegna umhverfisstjórnunar og stjórnarhátta má finna í sjálfbærniuppgjöri 2025. Markmið Ölgerðarinnar er að halda áfram að skila inn upplýsingum um VSME-þætti árlega og bæta skýrslugjöf eftir því sem við á.



5. VSME uppgjör

BERA Sjálfbæriskýrsla 2025



VSME tilvísunartafla

Upplýsingar um skýrslu

Heiti félags	Bera hf.
Kennitala félags	420369-7789
Gjaldmiðill fjárhæða í skýrslunni	ISK
Upphafsrár	2025
Upphagsmánuður	1
Upphafsdagur	1
Upphafsdagsetning uppgjörstímabils (dd/mm/áááá)	1.1.2025
Lokaár	2025
Lokamánuður	12
Lokadagur	31
Lokadagsetning uppgjörstímabils (dd/mm/áááá)	31.12.2025

B1 - Grunnatriði

24. (a)	Greina skal frá því hvor valkosturinn hefur verið valinn; valkostur A: grunnútgáfa (e. Basic Module) eða valkostur B: grunnútgáfa og ítarlegri útgáfa (e. Basic Module and Comprehensive Module)	Valkostur B
24. (b)	Ef félagið hefur sleppt upplýsingagjöf þar sem hún telst til trúnaðarupplýsinga eða viðkvæmra upplýsinga skal það tilgreina hvaða upplýsingagjöf hefur verið sleppt.	Engri upplýsingagjöf sleppt
24. (c)	Grundvöllur skýrslugjafar (samstæðugrundvöllur eða einstakt félag)	Skýrslan er gerð á samstæðugrundvelli að undanskildum desember hjá Gæðabakstri og Kjarnavörum en samstæðan tók við þeim félögum þann mánuð
24. (d)	Ef skýrslan er gerð á samstæðugrundvelli greinið frá dótturfélögum, þar með talið skráðu heimilisfangi þeirra, sem greint er frá í skýrslunni	Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík Danól ehf., Fosshálsi 17-25, 110 Reykjavík Iceland Spring ehf., Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík Collab Inc ehf., Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík Mýrar fasteignafélag ehf., Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík og Köllunarklettsvegur 6, 104 Reykjavík Gæðabakstur ehf., Lynghálsi 7, 110 Reykjavík Kjarnavörur hf., Miðhrauni 16, 210 Garðabæ,
24. (e)(i)	Félagiform starfseminnar	Hlutafélag
24. (e)(ii)	NACE atvinnugreinaflokkunarkóði/kóðar	NACE N – 70.10 Activities of head offices, NACE C – 11 Manufacture of beverages, NACE C – 10 Manufacture of food products
24. (e)(iii)	Stærð efnahagsreiknings (ISK)	Sjá ársreikning, https://berahf.is/fjarfestar/fjarhagsupplýsingar/
24. (e)(iv)	Velta (ISK)	Sjá ársreikning, https://berahf.is/fjarfestar/fjarhagsupplýsingar/
24. (e)(v)	Fjöldi starfsmanna samkvæmt fjöldatalu eða stöðugildum	438,7
24. (e)(vi)	Land þar sem aðalstarfsemi fer fram og mikilvægar eignir eru staðsettar	Ísland

24. (e)(vii)	Landfræðileg staðsetning starfssvæða sem félagið á, leigir eða stýrir	Ísland
25.	Ef félagið hefur fengið vottun eða merkingar sem tengjast sjálfbærni skal veita stutta lýsingu á þeim	Jafnlaunavottun skv. ÍST 85 staðli, Leed vottun

B2 – Aðgerðir, stefnu og framtíðarverkefni til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi

26. (a)	Aðgerðir sem félagið hefur ráðist í til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Bera hefur ráðist í fjölbreyttar aðgerðir til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi.
26. (b)	Stefnur sem félagið hefur innleitt til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Bera hefur sett sér sjálfbærni- og umbreytingarstefnu, jafnréttisstefnu etc. Stefnur félagsins má sjá hér.
26. (c)	Framtíðarverkefni sem félagið hefur ákveðið að ráðast í til að stuðla að umbreytingu í átt að sjálfbærara hagkerfi	Bera hefur farið í gegnum tvíþátta mikilvægisgreiningu samkvæmt ESRS og bla bla bla. Sjá nánar um tækifæri sem greind hafa verið í umfjöllun um mikilvæga sjálfbærniþætti á bls eða í sýrslu.
26. (d)	Markmið sem sett hafa verið til að fylgjast með innleiðingu stefna og þeim árangri sem náðst hefur í átt að markmiðum.	Markmið Beru má sjá í sjálfbærni- og umbreytingarstefnu félagsins sem má lesa hér. Hvert félag hefur svo sett sér markmið sem styðja við stefnuna og má lesa í skýrslunni hér.

C1 – Stefna: Viðskiptamódel og sjálfbærni

47 (a)	Lýsing á helstu vöruflokkum	Sjá heimasíðu Berahf.is og dótturfyrirtækja
47 (b)	Lýsing á helstu mörkuðum (t.d. B2B, heildsala, smásala, lönd)	B2B
47 (c)	Lýsing á helstu viðskiptasamböndum (t.d. Lykilbirgjar, viðskiptavinir, dreifileiðir)	Sjá heimasíðu Berahf.is og dótturfyrirtækja
47 (d)	Lýsing á því hvernig helstu viðskiptaþættir tengjast sjálfbærni	Viðskiptamódel og sjálfbærni finnast á bls. 10

C2 – Lýsing á verklagi, stefnum og umbreytingarverkefnum í átt að sjálfbærara hagkerfi

48	Lýsing á verklagi, stefnu eða umbreytingarverkefni sem miðar að sjálfbærari framtíð (ef stefna eða umbreytingarverkefni nær til birgja eða viðskiptavina, skal einnig lýsa því.	Bls. 10
48	Lýsing á markmiði sem tengist stefnu	Bls. 14
49	Stjórnandi sem ber ábyrgð á innleiðingu stefnu	Bls. 9

B3 – Orka og losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi

29.	Heildarorkunotkun og samsetning	Sjá sjálfbærniuppgjör bls. 28
30.	Losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi	Sjá sjálfbærniuppgjör bls. 24–27
31.	Losunarkræfni tekna	Sjá sjálfbærniuppgjör bls. 63

C3 – Markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda (GHG) og umbreytingu í loftslagsmálum

54. (a)	Markmiðsár og gildi gróðurhúsalofttegunda á því ári	Sjá sjálfbærniuppgjör bls. 63
54. (b)	Grunnár og grunnárgildi	Sjá sjálfbærniuppgjör bls. 63
